

82,2% Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

Dagana 10. október til 18. desember sl. framkvæmdi Gallup könnun á lestri Dagskrárinnar á Suðurlandi.

Sambærileg könnun var gerð fyrir þremur árum. Alls svöruðu 783 íbúar á Suðurlandi könnuninni eða 48,2% úrtaksins.

Þegar spurt var hvort fólk hefði lesið Dagskrána á síðastliðnum sjö dögum svöruðu 82,2% játandi sem er svipað hlutfall og fyrir þremur árum. Lestur eldri aldurshópa er heldur meiri en yngri, líkt og í síðustu könnun. Lestur fólks 45 ára og elda er yfir 89% en mest hjá aldurshópnum 55–64 ára eða 93%.



Lestur hjá aldurshópnum 25–44 ára er um 80%. Lestur hjá yngsta aldurshópnum þ.e. 18–24 ára er

62% og hefur aukist um rúm 7% frá síðustu könnun. Lestur Dagskrárinnar er nánast eins alls staðar á Suðurlandi og lítill munur er á lestri þegar tekið er mið af fjölskyldutekjum eða menntun.

Þegar spurt var hversu ánægt eða óánægt fólk væri með Dagskrána svöruðu 75,5% mjög ánægð og frekar ánægð. Er það um 9% aukning frá síðustu könnun. Hvorki né svöruðu 20,8% og 3,7% voru óánægð. Flestir voru ánægðir með blaðið á Selfossi eða um 83%. Tölur fyrir önnur svæði voru 68% til 74%.

Sjá nánar á bls. 2.



Kristrún Rut íþróttamaður Hveragerðis

Kristrún Rut Antonsdóttir, knattspyrnukona, var nýverið kjörin íþróttamaður ársins 2018 í Hveragerði. Kristrún lék fyrri hluta árs með ítalska liðinu Chieti en síðan með Selfoss í Pepsi-deildinni. Í lok sumars lá leiðin aftur til Ítalíu þar sem hún lék með Roma. Kristín gat

ekki verið viðstödd afhendinguna. Níu einstaklingar voru tilnefndir í kjörinu og tuttugu og fimm fengu auk þess viðurkenningar fyrir góðan árangur á árinu. Allir íþróttamennirnir hafa sýnt mikinn metnað til að ná langt í sinni íþróttagrein og eru góðar fyrirmyndir.

Orka náttúrunnar opnar nýja hleðslustöð að Geysi

Orka náttúrunnar tók nýverið í notkun nýja hlöðu að Geysi í Haukadál. Þetta var jafnframt 50. hlöðan sem ON hefur reist og er þessi búin tveimur hraðhleðslutengjum auk Type 2 hleðslutengis.

„Staðsetningin við Geysi hefur sterka tengingu við jarðhitann sem við hjá Orku náttúrunnar nýtum til að vinna rafmagn fyrir hin mikilvægu orkuskipti í samgöngum,“ segir Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ON.

Orkuskipti í ferðapjónustu eru mikilvæg

Fulltrúar sveitarfélagsins og rekstraraðilar af svæðinu voru ánægðir með þessa auknu þjónustu við ferðafólk. „Hér er mikil umferð og nánast allir ferðamenn sem koma til landsins eiga leið hér um. Svo geta íbúar Bláskógabyggðar nýtt sér þetta líka svo



Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Bláskógabyggð og Helgi Kjartansson, oddviti, vígja nýju hlöðuna að Geysi.

við erum bara glöð með að verið sé að þetta hleðslunetið og bæta þannig þjónustu við þá sem aka á

rafbílum“, segir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.



Védís Huld íþróttamaður Ölfuss 2018

Védís Huld Sigurðardóttir var valin íþróttamaður Ölfuss 2018 þann 30. desember sl. Hún náði frábærum árangri á árinu bæði innan lands og utan. Hún var valin í landslið Íslands fyrir Norðurlandamót í hestaíþróttum. Þar varð hún fimmfaldur Norðurlandameistari. Hún keppti einnig í tveimur hring-

vallagreinum og varð Norðurlandameistari í fimmgangi. Þar með var hún einnig Norðurlandameistari í samanlögðum greinum. Á mótinu verðlaunuðu dómamar mótsins tvo knapa sem sköruðu framúr á mótinu fyrir glæsilega reiðmennsku og var Védís Huld annar þessara knapa og hlaut Feather price verðlaun.

Er gólfhitinn rétt stilltur?

Fáðu
fagmann
í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA
Selfossi • Sími 699 1985 • 823 6656



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

ÍPRÓTTAHÚSIÐ VALLASKÓLA 26. JANÚAR

SELFOS

ÞORRABLÓT 2019



SIGURJÓN FRÁ SKOLLAGRÓF · LÉTTISVEITIN RÓFUSTAPPA
ATLI FANNAR BJARKASON · HLJÓMSVEITIN BRIMNES
FJÖLDASÖNGUR · LEYNIATRÍÐI · GÖMLU DANSARNIR
BRENNIVÍN "SNAPS" OG FLEIRA OG FLEIRA
VEISLUSTJÓRI HJÓRTUR BENEDIKTSSON

Míðasala hefst 4. janúar og stendur til 24. janúar í Gallerí Ozón Selfossi og á Tíx.is.
Míðaverðið á blót og ball er 7.200 kr. en sérstakt forsaleiðing verður frá 4. til 11. janúar
eða lítill 6.800 kr. En míðaverð á ballið er 3.000 kr. Nánari upplýsingar má finna á
Facebooksíðunni "Selfossþorrablot" og í síma 4 800 100 - Góða skemmtun!

82,2% Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

Dagana 10. október til 18. desember sl. framkvæmdi Gallup könnun á lestri Dagskrárinnar á Suðurlandi. Samþæfing könnun var gerð fyrir þremur árum. Alls svöruðu 783 íbúar á Suðurlandi könnuninni eða 48,2% úrtaksins.

Þegar spurt var hvort fólk hefði lesið Dagskrána á síðastliðnum sjö dögum svöruðu 82,2% játandi sem er svipað hlutfall og fyrir þremur árum. Lestur eldri aldurshópa er heldur meiri en yngri, líkt og í síðustu könnun. Lestur fólks 45 ára og eldri er yfir 89% en mest hjá aldurshópnum 55–64 ára eða 93%. Lestur hjá aldurshópnum 25–44 ára er um 80%. Lestur hjá yngsta aldurshópnum þ.e. 18–24 ára er 62% og hefur aukist um rúm 7% frá síðustu könnun. Lestur dagskrárinnar er nánast eins alls staðar á Suðurlandi og lítil munur er á lestri þegar tekid er mið af fjölskyldutekjum eða menntun.

Þegar spurt var hversu ánægð eða óánægð fólk væri með Dagskrána svöruðu 75,5% mjög ánægð og frekar ánægð. Er það um 9% aukning frá síðustu könnun. Hvorki né svöruðu 20,8% og 3,7% voru óánægð. Flestir voru ánægðir með blaðið á Selfossi eða um 83%. Tölur fyrir önnur svæði voru 68% til 74%.

Varðandi efni Dagskrárinnar voru langflestir ánægðir með fréttir og efni af svæðinu. Einnig sögðu margir að Dagskráin væri




Örn Guðnason ritstjóri Dagskrárinnar. Mynd: GPP.

gott og vandað blað sem fjallaði um ýmsa viðburði og flytti ýmsar gagnlegar upplýsingar.

„Það er ánægjulegt að sjá hve mikilla vinsælda Dagskráin nýtur hjá Sunnlendingum. Það að yfir 82% íbúa skuli lesa blaðið er held ég einstakt og örugglega enginn annar prentmiðill með álíka lestur á svæðinu. Þetta undirstrikar enn frekar sterka stöðu blaðsins sem auglýsingamiðils. Margir auglýsendur hafa nýtt sér það enda fer Dagskráin inn á öll heimili og í öll fyrirtæki á Suðurlandi, auk þess að liggja frammi í verslunum og víða á opinberum stöðum.“ segir Örn Guðnason ritstjóri blaðsins.

„Við sem vinnum á Dagskránni erum líka ánægð með að fleiri eru ánægðir með blaðið en í síðustu könnun. Það gefur


okkur vísbendingu um að við séum á réttri braut. Eins og gefur að skilja hefur fólk mismunandi skoðanir á efni blaðsins. Sumum finnst t.d. íþróttir full fyrirferðarmiklar á meðan öðrum finnst þær ómissandi. Þar er lykilatriðið, eins og reyndar á við um flest allt efni blaðsins, að birta fréttir úr héraðinu sem ekki birtast í öðrum prentmiðlum. Við höfum líka lagt áherslu á að blaðið sé opið fyrir öllum fréttum og skoðunum af svæðinu. Margir eru duglegir að senda okkur pistla og myndir og fyrir það erum við þakklát. Auglýsingar eru alltaf stór hluti blaðsins eins og öllum blöðum sem dreift er frítt til íbúa. Við munum halda áfram að þróa blaðið og stefnum á að gera það enn betra,“ segir Örn.



Hefurðu lesið eða flett Dagskránni á síðastliðnum sjö dögum

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Dagskrána?

Mjög ánægð og frekar ánægð
Hvorki né
Óánægð



Söfnun jólatrjáa í Sveitarfélaginu Árborg

Laugardaginn 12. janúar 2019 verða jólatrén hirt upp í Sveitarfélaginu Árborg. Íbúar geta þá sett jólatrén sín út á gangstétt eða lóðamörk og verða þau þá fjarlægð. Mikilvægt að trén séu sýnileg frá götu þannig að auðvelt sé að fjarlægja þau. Farið verður af stað í söfnunina um kl. 10:00 laugardaginn

12. janúar og mikilvægt er að trén séu komin að gangstétt/lóðamörkum þá. Ekki verður um frekari safnanir að ræða á jólatrjáum í sveitarfélaginu þetta árið en einstaklingar geta komið jólatrjánum sínum niður á gámasvæði Sveitarfélagsins Árborgar í Víkurheiði á opnunartíma.

Íbúar eru einnig hvattir til að ganga vel um og hreinsa upp eftir flugelda, sprengjur, kökur og fleira sem fellur til eftir nýárs- og þrettándagleði.



Frá Félagi eldri borgara á Selfossi

Opið hús verður hjá Félagi eldri borgara á Selfossi í Grænumörk 5 á fimmtudögum kl. 13.00–16.00. Kaffiveitingar eru frá kl. 14:45 og eftir það er byrjað á auglýstri dagskrá.

Dagskrá í byrjun árs 2019 er eftirfarandi:

10. janúar fer stór hópur frá félagi eldri borgara á Vínartónleika í Hörpu og því er engin dagskrá þennan dag.
17. janúar flytja kvenfélagskon-

ur á Selfossi leikverkið „Jómfrúin frá Júpiter“ eftir Auði Thorarensen.

24. janúar segir Sigrún Magnúsdóttir frá sögufrægum biskupsdætrum.

31. janúar sjá Sigríður Guðmundsdóttir og Jóhanna Þórðardóttir um léttar stólateygjur og slökun.

7. febrúar verða sjálfbóðaliðar frá Pokastöðinni Árborg með kynningu.

14. febrúar munu Ólöf Erla Halldórsdóttir og Sigurður Sigurðarson flytja rímur.

21. febrúar er aðalfundur eldri borgara.

7. mars kemur Hermann Árnason og segir frá hestaferðum sínum og væntanlega flytur hann einhver gamanmál.

14. mars segir Diðrik Haraldsson frá ferðum sínum til Afríku.

21. mars er baðstofustemning, orðið er laust og við skemmtum okkur saman. Vinsamlega geymið fréttal kynninguna. Facebook-síða félagsins er „Félag eldri borgara á Selfossi“. Heimasíða félagsins er <http://www.febsel.123.is/>.

Konur eru konum bestar – Sjálfstyrkingarnámskeið í Selfosskirkju

Sjálfstyrkingarnámskeiðið Konur eru konum bestar verður haldið í Selfosskirkju fimmtudagana 17. og 24. janúar nk. Námskeiðið miðar að því að byggja upp sjálfsmynd kvenna og skapa þeim vettvang til að kynna sjálfum sér betur í góðu samfélagi við aðrar konur. Fjallað verður um mikilvægi þess að styðja hver við aðra og standa með sjálfri

sér. Ýmsum spurningum er velt upp og sögur Biblíunnar eru notaðar til að varpa ljósi á viðfangsefnið.

Námskeið þetta hefur notið fádæma vinsælda innan kirkjunnar. Þátttaka er konum að kostnaðarlausu, en skráning er nauðsynleg, annað hvort á ninnasif@gmail.com eða gudbjorg.amardottir@kirkjan.is.

ÚTSALA

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

ÚTSALAN ER HAFIN - GERÐU GÓÐ KAUP

Mikil velvild í garð Selfosskirkju



Árgangur fæddur 1946 í Barnaskóla Selfoss ásamt Vélsmiðju Valdimars Friðrikssonar gáfu Selfosskirkju snúningsgrind. Myndin hér að ofan var tekin við það tækifæri þegar Ólafur Jónsson afhenti sr. Guðbjörgu Arnardóttur sóknarpresti gjöfina fyrir hönd árgangsins.

Þakkar samfélaginu stuðninginn

Það er ánægjulegt að segja frá því hér á síðum Dagskrárinnar hvað Selfosskirkja nýtur mikillar velvildar frá samfélaginu. Er þar um að ræða einstaklinga, hópa, fyrirtæki og stofnanir. Verða hér nokkur dæmi nefnd. Félagar úr Lionshreyfingunni á Selfossi færðu kirkjunni góða fjárupphæð til kaupa á stórum skjá í safnaðarheimilið til að auðvelda fólki að fylgjast með þegar fjölmenni er í kirkjunni. Þá ákvað árgangur fæddur 1946 úr Barnaskóla Selfoss í samvinnu við Vélsmiðju Valdimars Friðrikssonar að gefa kirkjunni snúningsgrind sem notuð er við jarðarfarir. Tilefnið var að árgangurinn varð 70 ára árið 2016 á 60 ára afmæli kirkjunnar. Landsbankinn á Selfossi gaf góða fjárupphæð til endurbóta á hljóðkerfi kirkjunnar ásamt húsgögnum á skrifstofu kirkjuvarðar. Þá færði Árvirkinn kirkjunni stórt sjónvarpstæki sem notað er við æskulýðsstarfið, en nýttist svo þegar fjölmenni er í kirkjunni. Oddfellowreglan Þóra á Selfossi gaf kirkjunni hjarta-stuðtæki og Íslandsbankinn á Selfossi gaf fjárupphæð í tilefni afmælis kirkjunnar. Kirkjukór Selfosskirkju og Kvenfélag Selfosskirkju færðu kirkjunni gjafir. Þá hafa fyrirtæki eins og MS Selfossi, KPMG, Karl úrsmiður og Ingimundur Marellsson verið vinveitt kirkjunni. Nýverið gaf Málningaþjónustan vinnu sína og efni við að merkja bílastæði við kirkjuna. Af þessari upptal-

ingu, sem er ekki tæmandi, má sjá að samfélagið stendur þétt við hlið kirkjunnar og vill henni vel. Er öllum ofangreindum aðilinum þakkað af heilum hug fyrir velvild og hlýhug í garð Selfosskirkju.

Fólk fór í kirkju um jólin

Á aðfangadag fjölmennti fólk til messu eins og tíðkast. Tvívegis var messað í Selfosskirkju og voru kirkjugestir yfir fimm hundruð talsins. Einnig var góð þátttaka í hinum kirkjum prestakallsins, þ.e. Laugardælakirkju, Hraungerðiskirkju og Villingaholtiskirkju. Sú hefð að fara í kirkju um jólin er síður en svo á undanhaldi sem ber að fagna.

Aðstoðarkirkjuvörður Selfosskirkju til margra ára, Valdimar Bragason, sem starfað hefur í tæp tuttugu ár, hætti störfum um sl. áramót að eigin ósk. Valdimar hefur verið farsæll og góður kirkjunnar þjónn og skilað góðu

starfi. Eru honum færðar miklar þakkir og góðar óskir um bjarta framtíð. Nýr aðstoðarkirkjuvörður hefur verið ráðinn sem er Anna Jakobína Hilmarsdóttir.

Nýskipan prestakalla

Á haustmánuðum kom tillaga frá Biskuparáði um sameiningu prestakalla sem yrði lögð fyrir kirkjuþing 2018 og tæki gildi 1. ágúst 2019. Hugmyndin gekk út á það að fjögur prestaköll, þ.e. Selfoss-, Eyrarbakka-, Hveragerðis- og Ölfusprestaköll myndu sameinast í eitt prestakall með um 14.254 íbúa. Í sameinuðu prestakalli yrðu 12 kirkjur, 9 sóknarnefndir og 5 prestar, þar af einn sóknarprestur. Kynning á þessari hugmynd fór fram á aukahéraðsfundi sem haldinn var á Hellu 30. október sl. Eftir þann fund lýsti sóknarnefnd Selfosskirkju því yfir að hún legðist gegn afgreiðslu málsins á kirkjuþingi 2018. Ástæða þess var m.a. að ekki var tími til kynningar eins og segir í 3. gr. starfsreglna kirkjunnar. En þar segir m.a. að gefa eigi safnaðarfund kost á að veita umsögn um tillöguna. Sóknarnefndir frá öðrum kirkjum tóku í sama streng og andmæltu. Biskupsstofa tók þessar athugasemdir til greina og frestaði afgreiðslu málsins. Gefst nú tækifæri til að skoða tillöguna betur og halda safnaðarfund um framhaldið.

Björn Ingi Gíslason,
formaður sóknarnefndar.



Eftir messu í Selfosskirkju sunnudaginn 23. desember sl., þegar Valdimar Bragason lauk sínu síðasta embættisverki sem kirkjuvörður. Með honum á myndinni er sr. Axel Árnason Njarðvík, Ester Ólafsdóttir, Valgeir Guðjónsson, Valdimar og Vilhjálmur Eggertsson.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!



BETRI DEKK BESTA VÖRNIN

Sími 482 2722 • Austurvegi 52,
Selfossi • solning.is

SÓLNING
Meira til skiptanna

Samningar um almenningssamgöngur á Suðurlandi í höfn

Allt fram í desember sl. voru samningar, milli SASS og Vegagerðarinnar, um almenningssamgöngur í jörnum. Sá möguleiki var uppi á borðum að almenningssamgöngur í núverandi mynd breyttust verulega. Viðræður milli SASS og Vegagerðarinnar hafa staðið yfir og málin hafa farsælega verið til lykta leidd. Á síðasta stjórnarfundum SASS kynntu formaður og framkvæmdastjóri stöðu viðræðna. Fram kemur að: „Í viðræðunum hafi rík áhersla verið lögð á að ríkið geri upp tap af rekstri almenningssamgangna til loka árs 2018 og að staðinn væri vörður um núverandi leiðarkerfi á Suðurlandi. Loks að reynt yrði að leita allra annarra leiða en fækka ferðum til að reksturinn á komandi ári verði hallalaus.“

Í samtali við Evu Björk Harðardóttur, formann SASS, um málið segir hún: „Aðalatriðið er að við fögnum því að samningar um almenningssam-

göngur eru í höfn fyrir 2019. Það er geysilega dýrmætt fyrir byggðabróun á Suðurlandi að ná að halda þessari þjónustu áfram í nærþjónustu sveitarfélaganna. Nú er komið svigrúm til að endurskoða almenningssamgangnakerfið í heild sinni fyrir árið 2020 og það þarf að nýta þetta ár vel í það.“

Fækkað um tvær ferðir í viku

Tekist hefur að halda nánast óbreyttu þjónustustigi. Samkvæmt fundargerðinni eru felldar niður tvær ferðir í viku á leið 73. Ferðirnar sem falla niður eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 18. Fram kemur að fáir nýti sér þá leið á þessum tíma. Leið 73



ekur; Selfoss – Flúðir – Reykhol – Laugarvatn – Grímsnes – Selfoss. Breytingin tekur gildi frá og með 1. febrúar nk.

Hallarekstur ársins 2018 gerður upp

Útistandandi halli á rekstri almenningssamgangna á Suðurlandi 2018 er áætlaður 36 m.kr. Hluti af kröfum SASS til Vegagerðarinnar var að gera upp hallareksturinn. Í fundargerð SASS kemur fram að „Vegagerðin hafi, fyrir hönd ráðuneytis samgöngu og sveitarstjórnarmála, staðfest að uppgjör fari fram á uppsöfnuðu tapi við rekstur almenningssamgangna hjá landshlutasamtökunum“.

-gpp

Myndagátur Dagskrárinnar

Dregið hefur verið í jólamyndagátum Dagskrárinnar. Vinningshafi í fullorðins jólamyndagátunni er **Arna Hjartardóttir**, Dverghólum 19, Selfossi. Vinningshafar í barnajólamyndagátunni eru: **Kjartan og Gunnar Þorsteinssynir**, Ísleifsbúð 1, Þorlákshöfn.

Lausn jólamyndagátunnar er eftirfarandi:

Það væri að bera í bakkafullan lækinn að fjalla um Klaustursmálið hér í jólamyndagátunni okkar svo við sleppum því. Tölum frekar um rigningasumararið mikla hér á sunnanverðu landinu sem var skeffilega leiðinlegt en sólin skein þó fyrir norðan og austan. Bráðum kemur betri tíð með hækkanði sól og blóm í haga.

Lausn barnajólamyndagátunnar er eftirfarandi:

Þrettán jólasveinar koma til byggða einn af öðrum og gefa gott í skóinn en við verðum að vera þrúð og stillt.

Vinningshafar get vitjað gjafabréfa sinna hjá Dagskránni að Eyraavegi 25, Selfossi.



Sævar Logi Ólafsson, formaður HSSH, Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Gísli Páll Pálsson, gjaldkeri HSSH við undirritun samningsins.

Samningur við Hjálparsveit skáta undirritaður

Hjálparsveit skáta í Hveragerði og Hveragerðisbær hafa undirritað samning vegna starfsemi félagsins sem tryggir að starfsemi þess verði áfram jafn öflug og verið hefur.

Samningur sem efla mun samstarf Hveragerðisbæjar og Hjálparsveitar skáta í Hveragerði HSSH, hefur verið undirritaður. Með samningnum er tryggt öflugt almannavarna-, félags- og öryggisstarf í Hveragerði samkvæmt stefnu bæjar- yfirvalda þar um. Samningnum er einnig ætlað að tryggja enn frekar öflugt starf HSSH enda

er bæjarstjórn þeirrar skoðunar að félagið sinni öflugum félags- og forvarnastarfi ásamt því að vera mikilvægur hlekkur í öryggismálum bæjarbúa.

Með samningnum eru félugin tryggðir fjármunir til starfseminnar sem nema 16,5 m.kr. Innifalín í því er greiðsla fasteignagjalda vegna húsnæðis félagsins auk þess sem félagsmenn HSSH taka að sér ýmis verkefni fyrir bæjarfélagið svo sem flugeldasýningar, gæslu á hátíðum, skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn og fleira.



Matgæðingur vikunnar er Steinar Guðjónsson.

Ég þakka Sigfúsi kærlega fyrir áskorunina, það er ekki auðvelt að koma á eftir honum þegar kemur að matseld.

Ég valdi að koma með uppskrift að kjúklingarétti sem er vinsæll á mínu heimili hjá öllum aldursópum. Þessi réttur er einfaldur en tekur smá tíma í eldun.



Steinar Guðjónsson.

Súrsætur kjúklingaréttur

3-4 kjúklingabringur
salt og pipar
ca. 180-200 g hveiti
3 egg, pískuð saman
60 ml olía
100-130 g sykur
4 msk. tómatsósa
65 ml hvítvínssedik
65 ml eplaedik
eða rauðvínssedik
1 msk. soyasósa
1-2 tsk. hvítlaukssalt

Skerið kjúklingabringur í litla bita og kryddið með salti og pipar.

Veltið kjúklingabitunum fyrst upp úr hveitinu þar til það hylur bitana alveg og eftir það í egginn.

Steikið kjúklingabitana upp úr olíu á pönnu við meðalhita þar til þeir hafa brúnast örlítið. Látið í eldfast mót.

Blandið sykri, tómatsósu, eplaediki, hvítvínssedik, soyasósu og hvítlaukssalti saman í skál.

Hellið yfir kjúklinginn og eldið í eina klukkustund

við 185°C. Hrærið reglulega í kjúklingnum á 15 mínútna fresti og veltið upp úr sósunni þar til að hún hefur soðið niður og er orðin vel klístruð við kjúklinginn.

Berið fram með hrísgrjónum og grænmeti sem er ræktað í Hrunamannahreppi.

Ég lét fylgja með eina skemmtilega ídyfu sem er hægt að nota með kexi, Doritos-snakki eða bara rist-uðu brauði.

Spínatidyfa

2 bollar parmesanostur
285 g frosið saxað spínat (þiðið)
400 g þistilhjórtu (ætipistlar) (Hakkað, ekki með vatni)
2/3 bolli sýrður rjómi
1 bolli rjómaostur
1/3 bolli majones
2 tsk. hvítlaukur (hakkaður)

Hitið ofninn í 190°C. Blandið fyrst saman spínati, ætipistlar og parmesanosti. Blandið restinni saman við. Bakið í 20-30 mín.

Að lokum skora ég á Eypór Frímannsson að koma með uppskrift í næstu dagskrá að einhverju stórkostlegu þar sem ég veit að hann er ansi sniðugur í eldhúsinu, sérstaklega þegar hann setur á sig svuntuna.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Styrkir frá Kvenfélaginu Hvöt í Skaftárhreppi

Á setningarhátíð Uppskeru- og þakkarhátíðar Skaftárhrepps, í nóvember, afhenti kvenfélagið Hvöt styrki til samfélagsmála í Skaftárhreppi. Þeir aðilar sem hlutu styrki voru: Slökkvilið Skaftárhrepps til tækjakaupa, Íþróttamiðstöðin til stækkunar á klifurvegg, Hjúkrunarheimilið Klaustur-

hólar til kaupa á hjartalínurita, Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri til uppsetningar á barnahorni á biðstofunni og Kirkjubæjarprestakall sem fékk tvo feringarkyrtila. Á myndinni má sjá fulltrúa styrkhafa.

Heildarverðmæti styrkja nemur kr. 516.000.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Dagskráin, Eyraavegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.
Bláðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraavegi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.



ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Hári í skorðum heldur það,
heiminn allan spannar það,
staura milli strengt er það,
stundum laxinn veiðir það.

Svar við gátu í blaði 2480: SPAÐI.
3. lína: Heyjspaði. - 4. lína: Viftuspaði.



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

ALLT AÐ

50%

AFSLÁTTUR

ÚTSALA

FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR




MÁLNING
25% AFSLÁTTUR



JÓLAVÖRUR OG SERÍUR
50% AFSLÁTTUR



RAFMAGNSVERKFÆRI
30-35% AFSLÁTTUR



PARKET
20-40% AFSLÁTTUR



**BLÖNDUNAR- OG
HREINLÆTISTÆKI**
25-35% AFSLÁTTUR



HANDVERKFÆRI
25-35% AFSLÁTTUR



**ÚTIVISTAR OG
VINNUFATNAÐUR**
25-40% AFSLÁTTUR



HILLUREKKAR (AVASCO)
25% AFSLÁTTUR

HEILSUTORG BLÓMAVALS 20-50% • GJAFAVARA 25% • LUKTIR OG VASAR 25% • PHILIPS LJÓS OG PERUR (GILDIR EKKI AF HUE) 25%

FLÍSAR 25-40% • HÁÞRÝSTIDÆLUR 25% • VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • BOX OG KÖRFUR 25%

RYKSUGUR (ELECTROLUX) 20-30% • HILLUEFNI (TILBÚÐ) 25% • INNIHURÐIR (Á LAGER) 30% • STRAUJÁRN OG STRAUBORÐ 20-40%

POTTAR OG PÖNNUR 20-30% • MATVINNSLUVÉLAR 25% • GLÖS OG DISKAR 30-50% • HNÍFAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30% • ÞVOTTAVÉLAR,

OFNAR, HELLUBORÐ (VALDAR VÖRUR) 15-40% • BÖKUNARVÖRUR 20% MOPPUR OG KÚSTAR 25% ... OG FLEIRA



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Ingveldur Ingólfssdóttir
Engjavegi 30,



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
17. desember. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum
innilega samúð og hlýhug.

Ásgeir Sigurðsson

Anna Ásgeirsdóttir **Chris Newman**
Sigurður Ingi Ásgeirsson **Guðrún Sigurðardóttir**
Kristrún Ásgeirsdóttir **Sigurður Bjarnason**
barnabörn og barnabarnabörn



Hjúkrunar- og dvalarheimili

Atvinna í boði á Lundi sjúkraliðar og starfsfólk í aðhlynningu

Vegna aukinnar starfsemi á Hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu leitum við nú að sjúkraliðum og ófaglærðum starfsmönnum til starfa á Lundi við aðhlynningu og hjúkrun. Starfshlutfall er samningsatriði en um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum.

Á Hjúkrunarheimilinu Lundi eru 30 hjúkrunarrými, 1 dvalarrými og 2 hvíldarrými.

Mikilvægt er að viðkomandi hafi góða samskipta-hæfileika, frumkvæði, jákvætt viðhorf og áhuga á að vinna með öldruðum og veikum einstaklingum. Laun sjúkraliða eru skv. kjarasamningum SFV og Sjúkraliðafélags Íslands. Laun í aðhlynningu eru svk. kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsókn og ferilsskrá óskast send rafrænt á margret.lundur@hellu.is fyrir 20. janúar n.k.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hjúkrunarforstjóri (sama netfang).



ÖLFUS



ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í sorphirðu í sveitarfélaginu 2019 - 2024.

Í verkinu felst tæming á sorp- og endurvinnsluflúðum frá íbúðarhúsnæði og stofnunum ásamt flutningi á móttökustöð, leiga gáma á gámasvæði og tæming. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn fást frá og með miðvikudeginum 9. janúar 2019 hjá EFLU verkfræðistofu með því að senda tölvupóst á netfangið utbodolfus2019@efla.is.

Opnun tilboða er kl. 11:00 þann 14. febrúar 2019 í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Íslenskan er svo stór hluti af sjálfsmyndinni

- segir lestrarhesturinn Þórunn Jóna Hauksdóttir

Þórunn Jóna Hauksdóttir er Selfyssingur að ætt og uppruna og eiga hún og eiginnmaður hennar Hallgrímur Óskarsson tvö mannvænleg ungmenni. Þórunn Jóna stundar líkams- og hugrækt og slær golfkúlur öðru hvoru. Hún er með meistarágráðu í opinberri stjórnsýslu, framhaldsskólakennari og íslenskufraeðingur. Auk þess fylgist hún vel með þjóðmálum og unir sér við bókalestur og þrjón og er áhugamanneskja um íslenskt mál.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Í aðdraganda jóla á hverju ári reyni ég að lesa sem allra mest af nýútkomnum íslenskum skáldsögum og kynna mér nýja höfunda. Ég hef komist yfir átta bækur síðasta mánuðinn. Í bland við nána samveru með fjölskyldunni á þessum árstíma veit ég ekkert betra en kafa í bók þegar aðrir sýsla sitt í kringum mig. Í framhaldi, á nýju ári, kiki ég vanalega í sögulegar skáldsögur. Ég er líka nýbúin að uppgötva Storytel-appið. Í því hlusta ég mikið á klassískar sögur, íslenskar og erlendar og sögur úr framandi menningarheimum.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Bækur á kjarnyrtri íslensku þar sem blæbrigði tungumálsins fá að njóta sín. Þar sem dregnar eru upp myndir af landslagi, tíðaranda og tilfinningum. Ég vil líka að stíllinn sé ögrandi því í honum felst sagan oftast ekki og hversdagslegasta frásögn getur risið hátt ef vel er fram sett. Ég er að meina bækur sem maður tekur sér tíma í að lesa og smjattar á hverju orði, ef svo má segja. Ég les mikið af íslenskum skáldsögum og oft sögulegum fróðleik. Ljóð slæðast einnig með en ég dáist að höfundum sem geta komið hugsunum sínum á framfæri í þannig knöppu máli. Mér finnst mikilvægt að

fólk lesi eða hlusti á bækur, spegli sig í sögupersónum og setji sig í annarra spor, sjái hið sammannlega, kynnist öðrum hugsunarhætti og oft annarri menningu. Maður þekkir líka sjálfan sig, líðan sína og skoðanir betur eftir góðan lestur og verður vonandi betri manneskja. „Blindur er bóklaus maður“ er fyrir mér að sjá ekki annað fólk og umhverfi sitt jafnvel þótt verið sé að horfa.

Byrjaðir þú snemma að lesa?

Ég varð snemma læs og strax alæta á bækur. Oftast en ekki voru bækur til mín í jóla- og afmælisþökkum. Uppáhaldsbókin mín var og er *Bróðir minn ljónshjarta* eftir Astrid Lindgren, hún á alltaf erindi, bæði við börn og fullorðna. Ég tætti líka í mig alls kyns alfræðibækur um ólík efni eins og heimsálfur og mannslíkamann. Ég kynntist svo barnabókum á ný þegar ég las fyrir börnin mín tvö sem eru hvort af sínu kyni.

Grannmeti og átvætur Þórarins Eldjárns datt næstum í sundur af mikilli notkun og fleiri gæðabækur voru lesnar nokkuð reglulega. Gleði verður að ríkja þegar lesið er fyrir börn og þá hittir til dæmis *Kaiteinn Ofurbrók* í mark. Að mínu mati ættu börn að hafa aðgang að bókum og blöðum á heimili sínu og auðvitað ótrufluðum samræðum við fullorðið fólk. Það er ekki bara lykillinn að því að þau verði góðir málnotendur heldur virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi, því í tungumálinu er vald falið. Íslenskan er svo mikilvæg því hún er svo stór hluti af sjálfsmyndinni. Það sniðugasta við hana er möguleikinn á endurnýjun í gegnum nýyrðasmíð. Nýtum það!

Hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Þær eru einfaldar: Lesa margt og mikið. Ég er meðvitað um



Þórunn Jóna Hauksdóttir.

að halda í lesturinn í stað þess að sitja yfir sjónvarpinu eða, að ég tali nú ekki um, símanum. Sem ungmenni hafði ég fyrir reglu að lesa Íslendingasögur um jólin. Þannig mániur grípa mig stundum og þá spóla ég í gegnum heilu höfundarverkin. Annars vil ég ekki koma mér upp lestrarvenjum. Það hljómar svolítið þvingandi.

Áttu þér einhvern uppáhaldshöfund?

Það er breytilegt frá einum tíma til annars og þróast bara áfram. Núna, frá höfundum skáldsagna, má ég ekki missa af neinu eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur eða Jón Kalmann Stefánsson en Auður Ava Ólafsdóttir og Bergsveinn Birgisson koma sterk inn. Ég viðurkenni að ég græt þegar ég les Jón Kalmann, þvílíkur stílnillingur sem hann er.

Hefur bók rænt þig svefni?

Nancy Drew, sú eina sanna, sem ég las sem unglingur. Höfundurinn Carolyn Keene hafði vit á að enda kaflana þannig að maður varð að kíkja aðeins á þann næsta.

Hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Mín hæfni liggur á öðrum sviðum en ég myndi fagna fleiri og fjölbreyttari bókum fyrir unglinga – sem eru besta fólk í heimi. Í því tilliti vil ég gjarnan sjá að rithöfundar og börn/unglingar skrifi saman (fleiri) bækur. Það getur ekki annað en komið eitthvað gott út úr því.

Breytingar á sorphirðu í Mýrdalshreppi



Skrifað var undir nýjan samning um rekstur gáma- valla og sorphirðu í Mýrdalshreppi. Það er fyrirtækið Ögmundur Ólafsson ehf. sem mun sjá um þjónustuna áfram. Breyting frá fyrri samningi felur í sér að stíga stórt skref í umhverfismálum og auka flokkun. Í lok janúar munu öll heimili sveitarfélagsins

geta notað grænu tunnurnar undir plast, pappír, málma og fleira. Fram kemur á heimasíðu sveitarfélagsins að kynningarbæklingi verður dreift á öll heimili í Mýrdalshreppi í janúar. Í bæklingnum mun koma fram hvernig íbúar eiga að standa að flokkuninni ásamt fleiri upplýsingum sem varða málefni sorphlokkunar og endurvinnslu.

Kvæðamannafélagið Árgali

Fundur verður í Kvæðamannafélaginu Árgala 14. janúar 2019 í Grænumörk 5 kl. 20-22. - Þar er fundarsalur eldri borgara í nýjum húsakynnum andspænis Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Samkvæmt venjunni er Árgalafundur annan mánudag í hverjum mánuði að vetrinum.

Bókin „Segulbönd lðunnar“, sem er framhald af silfurplötum lðunnar, verður til sölu á staðnum á 10.000 kr. (forsöluverð). Silfurplötur lðunnar, sem margir Árgalafélagar eiga, er ekki lengur fáanleg. Það er gagnlegt fyrir kvæðamenn að eiga þessa nýju bók, „Segulbönd lðunnar“. Þetta er falleg fræðibók og verður notuð við kveðskapinn.

Kveðnar evrða nokkrar eftirlætisstemmur okkar í því skyni að menn læri þær og geti kennt öðrum.



Umhverfis- og tæknisvið uppsveita Móttökuritari óskast til starfa

Laus er til umsóknar staða móttökuritara hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita. Umhverfis- og tæknisvið uppsveita hefur meðal annars það hlutverk að annast lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins. Aðsetur móttökuritara er að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Byggðasamlagið þjónar sveitarfélögum um Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi.

Starfssvið:

- Símsvörun.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Svörun fyrirspurna sem berast embættinu, bæði í gegnum síma og tölvupóst.
- Önnur almenn skrifstofustörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Reynsla af skrifstofustörfum með áherslu á skjalavinnslu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að kynna sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starf móttökuritara veitir Rúnar Guðmundsson í síma 480 5550 á skrifstofutíma.

Umsóknnum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfið hentar báðum kynjum.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2019 og berist á netfangið runar@utu.is.



Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta



Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Selfossi við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum.

Selfoss - 15. janúar 2019

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

Íbúafundur

um deiliskipulag Friðarstaðareits í Hveragerði



HVERAGERÐISBÆR

Íbúafundur um deiliskipulag Friðarstaðareits verður haldinn þriðjudaginn 15. janúar nk. kl. 20:00 í Skyrgerðinni að Breiðumörk 25, Hveragerði. Íbúar eru hvattir til að taka kvöldið frá og fjölmenna.

Í aðalskipulagi er svæðið, sem liggur meðfram Varmá, skilgreint sem verslunar-, þjónustu- og íbúðasvæði og nær það til Friðarstaða, Varmár 1 og 2, Álfafells, Álfahvamms og lóða Frosts og funa en þar er rekin veitinga- og gististarfsemi. Á fundinum verður íbúum Hveragerðisbæjar gefinn kostur á að koma með hugmyndir og setja fram sjónarmið sín um skipulag svæðisins áður en vinna við skipulagsgerðina hefst.

Vonast er eftir því að sem flestir mæti, velti upp hugmyndum og taki virkan þátt í umræðum sem fram munu fara á borðum. Kaffiveitingar í boði Hveragerðisbæjar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd / Umhverfisnefnd



Deildarstjóri í málefnum aldraðra

Deildarstjóri í málefnum aldraðra óskast til starfa hjá Sveitarfélaginu Ölfusi í 100% starf. Auglýst er eftir öflugum og metnaðarfullum leiðtoga til að stýra málefnum eldri borgara í sveitarfélaginu.

Helstu verkefni

- Stjórnunarleg ábyrgð á þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu
- Ábyrgð á daglegri umsjón með rekstri dagdvalar, stuðningsþjónustu og mótuneyti
- Stefnumótun og umbótastarf

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af vinnu með öldruðum
- Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun og umbótarstarfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist til; **Mariu Kristjánsdóttur**, forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls á netfangið mariu@hveragerdi.is, fyrir 25. janúar 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samband íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags innan Bandalags háskólamanna.

Samstarf er á milli sjö sveitarfélaga í Árneshvíls á sviði skóla- og velferðarþjónustu. Einn forstöðumaður er yfir svæðinu og er sameiginleg skólaþjónusta- og velferðarnefnd. Forstöðumaður hefur yfirsýn með faglegu starfi og ráðgjöf. Sveitarfélögin bjóða upp á fjölbreytt verkefni á sviði skóla- og velferðarmála og svigrúm til nýrra verkefna og vinnubragða.

ÖLFUS

... hamingjan er hér!

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15 – 17 ára námsmanna

Foreldrar 15 – 17 ára barna sem hafa rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi eru minntir á að skila þarf inn nýrri umsókn í upphafi skólaárs. Umsóknir er hægt að nálgast á heimasíðunni felagsmal.is. Með umsóknum þarf að fylgja húsaleigusamningur og staðfesting á námi barns. Athuga ber að sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára er samþykktur eina önn í senn og skila ber staðfestingu á áframhaldandi námi ungmennis við upphaf nýrrar annar. Skila þarf umsóknum og fylgigögnum á skrifstofu félagsþjónustunnar að Suðurlandsvegi 1–3, 850 Hellu eða á netfangið annette@felagsmal.is.

Félags- og skólaþjónusta
Rangárvalla- og
Vestur-Skaftafellssýslu

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands

Árlegur hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands fer fram þann 10. janúar næstkomandi. Fundurinn hefst kl. 17.00 og fer fram í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands. Á fundinum verða veittir nýir rannsóknarstyrkir og menntaverðlaun Suðurlands afhent.

Dagskrá fundarins:

1. Tónlistaratriði.
2. Fundarstjóri setur fund.
3. Aníta Þorgerður Tryggvadóttir og Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir styrkþegar 2016 kynna verkefnið sitt; Fjölþætt heilsurækt í sveitarfélögum.
4. Sveinn Aðalsteinsson, formaður dómnefndar: Störf nefndarinnar og niðurstöður.
5. Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhendir styrkinn.
6. Sveinn Aðalsteinsson, formaður dómnefndar: Ávarp til styrkþega.
7. Eva Björk Harðardóttir, formaður SASS: Menntaverðlaun Suðurlands.
8. Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhendir menntaverðlaun Suðurlands.
9. Ávarp forseta Íslands.
10. Fundarstjóri slítur fundi.

Fundarstjóri: Sigursveinn Sigurðsson

Að fundi loknum um kl. 18.00 býður sjóðurinn öllum gestum upp á veitingar í kaffiteríu fjölbrautaskólans.



HEILSUHORN HSU

Heilablóðfall

Heilablóðfall/heillaslag eða „Stroke“ er skilgreint sem skaði á heilavef vegna blóðleysis sem verður þegar æð lokast eða rofnar. Í báðum tilfellum getur orðið skaði á taugafrumum vegna súrefnisskorts og skorts á öðrum næringarefnum. Ef langur tími líður þar til blóðflæði kemst aftur af stað, deyr hluti taugafrumanna og starfsemi annarra raskast.

Einkenni heilablóðfalls geta varað í lengri eða skemmri tíma. Helstu einkenni eru meðal annars lömum, tjáskiptavandamál, skert sjón, persónuleikabreytingar og skyntruflanir. Einkenni ráðast af því hversu mikil og hvar í heilanum skemmdir eru.

Forvarnir eru mikilvægar en sumum áhættuþáttum er hægt að breyta eða öðrum ekki. Helstu áhættuþættir sem ekki er hægt að breyta eru aldur, kyn (karlar fá oftast heilablóðfall en konur), ættarsaga og fyrri saga um heilablóðfall. Áhættuþættir

sem hægt er að breyta eða hafa áhrif á eru meðal annars háþrýstingur, reykingar, hjartaflókt, offita, kyrrseta, sykursýki og streita.

Mikilvægt er að þeir sem veikjast komist sem fyrst undir læknishendur. Fyrstu klukkutímarnir frá því að einkenna verður fyrst vart geta skipt sköpum varðandi lækni meðferð og áhrif hennar. Því þarf sjúklingur að komast innan 4,5 klukkustunda frá fyrstu einkennum. Því er mikilvægt að kunna að bera kennsl á einkenni heillaslags.

Hægt er að beita þrem einföldum ráðum til að bera kennsl á heillaslag:

Biðja einstakling að brosa - Fylgir hluti andlits ekki brosinu? Er andlitið ósamhverft þegar reynt er að brosa?

Biðja einstakling að lyfta höndum - Þegar báðum handleggjum er lyft og haldið útréttum, leitar þá annar handleggurinn niður á við?



Halla Arnfríður Grétarsdóttir

Biðja einstakling um að mynda setningu - Nær einstaklingurinn að mynda einfaldar setningar eins og „Það er gott veður úti?“ Er einstaklingurinn þvoglumæltur?

Ef viðkomandi á í erfiðleikum með eitthvert þessara ofantalinn atriða, hringið þá strax í 112 eftir aðstoð og lýsið einkennum sjúklings.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Halla Arnfríður Grétarsdóttir, hjúkrunarfræðingur bráðamóttöku.



Tilraunaverkefni í húsnæðisuppbyggingu á landsbyggðinni hrundið af stað

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, ásamt sex öðrum sveitarfélögum var valinn til að taka þátt í tilraunaverkefni vegna uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Verkefninu er ætlað að rjúfa þá stöðun í nýbyggingum sem ríkt hefur víða á landsbyggðinni, jafnvel þó að íbúafjölguð eigi sér stað samfara atvinnuuppbyggingu.

Alls bárust umsóknir frá 33 sveitarfélögum

Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra, kynnti verkefnið á fundi sem fram

fór á Húsavík í síðustu viku. Íbúðalánasjóður auglýsti eftir þátttakendum í haust og sóttu alls 33 sveitarfélög um frá öllum landshlutum. Hinum 26 sveitarfélögum verður boðið að ræða við Íbúðalánasjóð um framhald verkefna á þeirra vegum. Framhaldið ræðst m.a. af reynslu tilraunasveitarfélaga.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps ánægður með tækifærið

Í samtali við Dagskrána segir Kristófer Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps:

„Ég er ákaflega ánægður með að við hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skulum fá þetta tækifæri. Framundan er að vinna húsnæðisáætlun og fleira sem tengist því að taka þátt í verkefninu. Hér er eftirspurn eftir húsnæði mikil. Þær eignir sem hafa verið boðnar til sölu á síðustu misserum hafa selst greiðlega og ásókn er mikil í það leiguhúsnæði sem losnar. Þriggja íbúða raðhús er í byggingu í Árneshverfi og eru allar íbúðirnar þegar seldar. Í deiglu er að framkvæmdir hefjist við nokkrar íbúðir til viðbótar.“ -gpp



Alþjóðaflugvöllur í Flóanum

Sveitarfélagið Árborg hefur boðaði til fundar í gær, þá landeigendur sem eiga jarðir á áhrifssvæði hugsanlegs alþjóðaflugvallar í Flóanum. Sú staðsetning flugbrautar sem fyrirhugað er að skoða er þar sem heitir Stokkseyrarmýri og Brautartunga. Áhrifssvæðið er miðað við það svæði sem hljóð frá flugvelli mælist yfir 56 desíbelum og nær frá ströndinni milli Eyrarbakka og Stokkseyrar og upp í Flóahrepp. Á fundinum verða kynnt fyrirhuguð áform um að hefja rannsóknir á kostum og göllum staðsetningar alþjóðaflugvallar á þessum stað.

Til skoðunar er að Sveitarfélagið Árborg samþykki viljayfirlýsingu um að fram fari rannsóknir sem leitt gætu í ljós hvort mögulegt er að setja niður slíkan flugvöll í Flóanum. Áður en tillaga um viljayfirlýsingu verður lögð fyrir bæjarstjórn er nauðsynlegt að fá fram sjónarmið landeigenda, bæði afstöðu til staðsetningarinnar og einnig upplýsingar sem þeir gætu komið á framfæri og varða framkvæmd rannsókna.

Verkefnið er leitt af hópi áhugafólks sem hyggst stofna félag um undirbúninginn.

Rannsóknir og framvinda

Þær rannsóknir sem fara þyrftu fram eru jarðvegsathuganir, veðurfarsmælingar, hljóðvistarmat og veðurfarsgreining m.t.t. flugs. Að því búnu þyrfti að fara fram umhverfismat, kostnaðargreining og rekstrargreining.

Þegar allar þessar upplýsingar liggja fyrir ætti að vera hægt að taka upplýsta ákvörðun um það hvort haldið verði áfram með verkefnið. Ef samþykki fengist um gerð slíks flugvallar, frá sveitarfélaginu Árborg og viðkomandi ríkisstofnunum, þá tæki við ferli fjármögnunar og svo framkvæmda. Miðað við að allt gengi upp og sveitarfélagið heimilaði alþjóðaflugvöll í Flóanum þá gæti rekstur hafist árið 2024.

Kostir og gallar

Sitt sýnist hverjum um þessar

Gísli Halldór
Halldórsson

Bæjarstjóri
sveitarfélagsins
Árborgar.



hugmyndir enn sem komið er. Margir þeir sem tengjast ferðaþjónustu og atvinnurekstri hafa lýst hrifningu sinni yfir þessum hugmyndum. Ýmsir hafa svo lýst efasemdum um málið og hafa þá líklega helst í huga hugsanlegt ónæði af slíkum velli. Erfitt er hinsvegar að taka upplýsta afstöðu fyrr en að loknum undirbúningsrannsóknum. Það sem einna helst styður við hugmyndir um alþjóðaflugvöll í Flóanum er sú gífurlega sterka staða sem Suðurland hefur í ferðaþjónustu, en yfir 70% erlendra ferðamanna sækja Suðurland heim. Annar styrkleiki er svo að hér væri um að ræða traustan varaflugvöll fyrir Keflavík í sömu fjarlægð frá Reykjavík. Rögnuskýrslan svokallaða („Flugvallarkostir á höfuðborgarsvæðinu“, 2015) leggur einmitt áherslu á mikilvægi þess að tveir flugvellar verði á suðvesturhorni landsins. Flugvöllur í Flóanum myndi létta álagi af Keflavíkurflugvelli og verða raunhæfur valkostur fyrir flugumferð.

Áðrir kostir alþjóðaflugvallar í Flóanum gætu m.a. verið styrking innviða á Suðurlandi, aukin atvinnutækifæri, aukið þjónustug á svæðinu og sterkara sveitarfélag Árborg með auknar tekjur. Gallar gætu m.a. verið að þar með verður landið, sem fer undir, ekki nýtt í annað, hugsanleg hljóðmengun, vistmengun og kolefnislosun.

Möguleg verkefni slíks flugvallar, auk þess að vera fyrst og fremst almennur alþjóðaflugvöllur, eru flug til Grænlands og Færeyja, varaflugvöllur fyrir millilanda- og innanlandsflug, öryggisflug, innanlandsflug, viðskiptaerindi, kennslu- og æfingaflug, Landhelgisgæslan, sjúkraflug, þýrluflug.

Skákkennsla grunnskólabarna

Fischeretrið á Selfossi mun í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg og Skákskóla Íslands standa fyrir skákkennslu fyrir grunnskólabörn í Fischeretrunu á laugardögum frá kl. 11.00 til 12.30. Yfirlýsing með kennslunni hefur Helgi Ólafsson, stórmeistari og skólastjóri Skákskóla Íslands. Alls verða þetta tíu laugardagar og fyrsti tími verður laugardaginn 12. janúar nk.

Þeir sem hafa áhuga á skákkennslunni eru beðnir um að mæta u.þ.b. 30 mínútum áður en fyrsta æfing hefst til að ganga frá skráningu og greiðslu



Frá skáknámsskeiði í Fischeretri.

nemendagjalds sem er 4.500 krónur fyrir þessi tíu skipti. Frekari upplýsingar eru veittar

í síma 894 1275 eða með því að senda tölvupóst á netfangið fischeretur@gmail.com.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru auglýstar eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Hellishólar – Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagsbreytingin tekur til svæðis innan jarðarinnar Hellishólar, Rangárþingi eystra, þar sem núverandi frístundabyggð (F) er breytt í íbúabyggð (ÍB). Einungis er um breytingu á landnotkun að ræða og halda því aðrir skilmálar gildandi deiliskipulagi.

Eyvindarholt – Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagstillagan nær til 36,2 ha lands Eyvindaholts – Langhólma, Rangárþingi eystra. Tillagan felst í því að landbúnaðarsvæði (L) verður breytt í frístundabyggð (F). Gert er ráð fyrir allt að 14 byggingarreitum undir frístundahús.

Ráðagerði – Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagstillagan nær til 16,8 ha lands úr jörðinni Steinmóðarbær, Rangárþingi eystra. Tillagan felst í því að landbúnaðarlandi (L) verður breytt í frístundabyggð (L). Gert er ráð fyrir allt að 8 byggingarreitum undir frístundahús.

Drangshlíðardalur – Deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til um 3,6 ha af jörðinni Drangshlíðardalur ln 163652 og íbúðarhúsalóðarinnar Drangshlíðardalur 2 ln.178810. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar lóðir, byggingarreitir, heimarafstöð með inntaksstíflu og vatnspípu, ásamt nýjum vegslóða.

Vegna mistaka, er tillaga að deiliskipulagi fyrir Miðbæ Hvolsvallar auglýst aftur. Mistökin fólust í því að greinargerð, sem fylgja átti deiliskipulagsuppdættinum, vantaði inn á heimasíðu sveitarfélagsins.

Hvolsvöllur miðbær – Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagstillagan tekur til svæðis sem er beggja vegna þjóðvegur nr. 1 þar sem hann fer um Hvolsvöll. Skipulagssvæðið afmarkast til norðurs að aðveitustöð Raríks. Til vesturs afmarkast skipulagssvæðið af beinni línu samhliða langhlið kyndistöðvar Orkuveitu Reykjavíkur. Til suðurs afmarkast skipulagssvæðið af Austurvegi 1 og til austurs af Vallarbraut. Stærð skipulagssvæðisins er um 14 ha.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að breytingum á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Hellishólar – Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreytingin tekur til hluta af jörðinni Hellishólar, Rangárþingi eystra. Breytingin felst í því að landnotkun á 6,6 ha landi jarðarinnar er breytt úr frístundabyggð (F) í íbúðarbyggð (ÍB). Samkvæmt drögum að deiliskipulagi eru á svæðinu gert ráð fyrir 13 lóðum af mismunandi stærðum, allt frá 3.500 m² í rúmlega 6.000 m², fyrir einlyft einbýlishús.

Ofangreindar tillögur að skipulagsbreytingum er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 9. janúar 2019. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 20. febrúar 2019. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra

Guðmundur Úlfar Gíslason
fulltrúi skipulags- og byggingarmála

Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Perla Ruth og Elvar Örn íþróttafólk Árborgar 2018

Perla Ruth Albertsdóttir og Elvar Örn Jónsson sem bæði leika handknattleik með Umf. Selfoss voru kosin íþróttakona og íþróttakarlfélag Árborgar árið 2018, annað árið í röð. Kjörinu var lýst á verðlaunahátíð íþróttar- og menningarnefndar Árborgar milli jóla og nýárs.

Perla Ruth sigraði með 68 stigum, önnur í kjörinu varð frjáls-íþróttakonan Hulda Sigurjónsdóttir úr Íþróttafélaginu Suðra með 52 stig og þriðja kylfingurinn Heiðrún Anna Hlynisdóttir úr Golfklúbbi Selfoss með 49 stig. Perla Ruth var í lykilhutverki hjá kvennaliði Selfoss í handbolta sem náði sínum besta árangri á síðasta tímabili og varð í 6. sæti Olís-deildarinnar. Henni hefur gengið vel á yfirstandandi tímabili og verið fjórum sinnum valin í lið umferðarinnar í fyrstu níu umferðunum. Hún er í 6. sæti yfir sterkustu leikmenn deildarinnar miðað við HB statz tölfræðina. Perla er orðin fastamaður í



Elvar Örn og Perla Ruth á verðlaunaaafhendingunni. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur.

A-landsliðinu í handbolta og skilar ávallt miklu framlagi inni á vellinum.

Elvar Örn sigraði með 94 stigum og á eftir honum kom júðómaðurinn Egill Blöndal úr Umf. Selfoss með 74 stig og þriðji frjálsíþróttamaðurinn Kristinn Þór Kristinsson úr Umf. Selfoss með 42 stig. Elvar Örn er lykilmáður í karlaliði Selfoss í handbolta sem náði sínum besta árangri í sög-

unni á síðasta tímabili þegar liðið varð í 2. sæti í Olís-deildinni og féll úr leik í undanúrslitum Íslands-mótsins. Á yfirstandandi tímabili hefur Elvar verið valinn í lið umferðarinnar fjórum sinnum í fyrstu tíu umferðunum en Selfoss er í toppbaráttunni í deildinni. Hann lék mjög stórt hlutverk í Evrópu-leikjum Selfoss í haust og hefur verið valinn í öll verkefni A-landsliðsins á þessu ári.

Guðjón Baldur og Ísak með brons í Þýskalandi

HANDBOLTI Selfyssingarnir Guðjón Baldur Ómarsson og Ísak Gústafsson léku með U-19 ára landsliðinu sem vann til bronsverðlauna á Sparkassen Cup í Þýskalandi, en mótið fór fram á milli jóla og nýárs.

Ísland spilaði gegn liði Saar, Hollandi og Danmörku í riðlinum. Þeir gerðu 25-25 jafntefli gegn Saar þar sem Guðjón Baldur og Ísak skoruðu hvor sitt markið. Því næst unnu þeir Hollendinga (Ísak 3 og Guðjón Baldur 2) og Dani (Guðjón Baldur 4) nokkuð sannfærandi.

Í undanúrslitum tóku þeir á móti sterku liðið Tékkar þar sem þeir steinlágu 24-29 (Ísak 1) og mættu því Dönum í leik um bronsið sem Íslendingar unnu auðveldlega 29-23 (Guðjón Baldur 6 og Ísak 2).

Næstu verkefni liðsins er fjögurra liða mót í Þýskalandi í júní og HM í Makedóníu í byrjun ágúst.

Fimmtán Selfyssingar í yngri landsliðum

Auk Guðjóns Baldurs og Ísaks áttu Selfyssingar tólf fulltrúa í hópum yngri landsliða og hæfileikamótun Handknattleikssambands Íslands, sem æfðu og kepptu í kringum áramótið. Auk þess var Teitur Örn Einarsson valinn í U-21 landsliðið.



Guðjón Baldur stóð sig gríðarlega vel úti í Þýskalandi. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÁE.

Hér fyrir neðan má sjá leikmenn Selfoss sem boðaðir voru til æfinga. U-19: Katla María Magnúsdóttir. U-17: Reynir Freyr Sveinsson, Tryggvi Þórisson og Vilhelm Freyr Steindórsson. U-15: Daníel Þór Reynisson, Einar Gunnar Gunnlaugsson, Hans Jörgen Ólafsson, Lena Ósk Jónsdóttir og Tinna Traustadóttir. Hæfileikamótun HSÍ: Guðmundur Steindórsson, Jason Dagur Þórisson og Rúrik Nikolai Bragin.



Tryggvi, Reynir Freyr og Ísak voru allir valdir til landsliðs-æfinga. Mynd: Umf. Selfoss/Hulda Jónsdóttir.

Knattspyrnukonur Selfoss skrifa undir samninga: Karitas semur til tveggja ára

KNATTSPYRNA Karitas Tómasdóttir skrifaði undir tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss skömmu fyrir áramót.

Undanfarin þrjú tímabil hefur Karitas spilað með Selfossi yfir hásumarið á meðan hún hefur stundað nám við TCU háskólann í Texas í Bandaríkjunum. Hún útskrifast næsta vor og mun því spila heilt tímabil með Selfossliðinu á komandi sumri.

Karitas hefur verið algjör lykilmáður á miðjunni hjá Selfossliðinu og var einn af sterkustu leikmönnum Pepsideildarinnar á síðasta tímabili samkvæmt InStat tölfræðinni. Hún hefur leikið 109 meistaraflokksleiki fyrir Selfoss, þar af 63 í efstu deild.

„Ég er mjög spennt fyrir því að framlengja samninginn minn og geta loksins klárað heilt sumar í Pepsi-deildinni. Við munum klárlega stefna á að gera betur á næsta tímabili, við erum með



Karitas Tómasdóttir og Guðmundur Karl Sigurdórsson, úr meistaraflokksráði kvenna, handsala samninginn. Ljósmynd: UMFS.

fullt af sterkum leikmönnum og yngri leikmenn munu stíga upp eins og þeir gerðu í fyrra. Við erum áfram með Caitlyn Clem í markinu sem hjálpaði okkur mikið á síðasta tímabili og höfum samið við spennandi framherja þannig að mér list mjög vel á þetta. Það er alltaf mikill metnaður á Selfossi og það er gott að vinna með þjálfurunum Alfreð og Óttari og öllum í kringum liðið,“ segir Karitas.

Brynja framlengir við Selfoss

KNATTSPYRNA Blásið var til flugeldasýningar á Selfossvelli skömmu fyrir áramótið þegar Brynja Valgeirsdóttir skrifaði undir nýjan tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Brynja, sem er 25 ára gömul, hefur verið lykilmáður í liði Selfoss á undanförunum árum og var varafyrirliði liðsins á nýliðnu tímabili þar sem hún átti gott sumar í hjarta varnarinnar. Hún hefur leikið 97 meistaraflokksleiki fyrir Selfoss, þar af 34 í efstu deild.

„Það gekk vel hjá okkur í sumar á fyrsta ári aftur í Pepsi-deildinni og við stefnum á að gera betur. Ég trúi því að við getum gert góða hluti á næsta tímabili og klifið töfluna enn þá hærra. Við vorum óheppnar með markaskorun í sumar og það er verið að bæta úr því núna. Ef það gengur upp þá held ég að



Brynja Valgeirsdóttir og Einar Karl Þórhallsson, formaður meistaraflokksráðs kvenna. Ljósmynd: UMFS.

við séum í góðum málum,“ segir Brynja sem er ánægð með sitt félag.

„Já, ég er mjög ánægð með að hafa framlengt samninginn við Selfoss. Þetta er mitt lið, mitt uppeldisfélag, og ég vil hvergi annars staðar vera. Það er haldið vel utan um kvennaboltann hjá Selfossi, bæði meistaraflokkinn og yngri flokkana þar sem margir spennandi leikmenn eru á leiðinni upp.“

Grace Rapp áfram á Selfossi

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss hefur gert nýjan samning við enska miðjumanninn Grace Rapp og mun hún spila með liði Selfoss á komandi sumri.

Rapp, sem er 23 ára gömul, gekk í raðir Selfoss í júlíglugganum á síðasta tímabili og náði á skömmum tíma að stimpla sig inn sem einn af öflugustu miðjumönnum Pepsideildarinnar.

Það er því mikið fagnaðar efni fyrir Selfyssinga að Grace verði áfram í okkar röðum.

Áður lék hún við góðan orðstír með Miami Hurricanes sem er skólalið Miami University. Í heimalandinu lék hún meðal annars með Yeovil Town en hún á að baki þrjá landsleiki fyrir U19 ára lið England.

„Selfoss er frábært lið og mér hefur tekist að samlagast



Grace Rapp í leik með liði Selfoss í Pepsi-deildinni sl. sumar. Mynd: UMFS.

því á þægilegan hátt. Þjálfunarstíllinn hefur virkilega ýtt við mér að spila áfram í sterkri deild eins og Pepsi-deildin er. Ég er mjög spennt að gera nýjan samning og sömuleiðis að sjá hvað við getum afrekað á næsta tímabili. Ég vil þakka öllum þeim sem tóku þátt í því að gefa mér áfram tækifæri á Selfossi,“ segir Grace Rapp.



Nökkvi Dan ásamt Þóri Haraldssyni, formanni deildarinnar. Mynd: UMFS/ESÓ.

Nökkvi Dan í Selfoss

HANDBOLTI Nökkvi Dan Elliðason hefur gert eins og hálfis árs samning við handknattleiksdeild Selfoss. Nökkvi, sem er uppalinn Eyjamaður, kemur frá norska úrvalsdeildarliðinu Arendal. Hann er 21 árs miðjumaður sem getur leyst allar stöður fyrir utan og er góð styrking við hóp meistaraflokks karla í Olís-deildinni.



Æfingar hefjast að nýju í júðó

JÚDÓ Æfingar í júdo eru hafnar á ný og eru allir velkomnir að prófa að æfa júdo frítt í tvær vikur. Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu Umf. Selfoss, www.umfs.is.

Keppendur frá fjórum félögum á HSK-mótinu í taekwondo

TAEKWONDO HSK mótið í taekwondo var haldið í Íþróttahúsinu Baulu við Sunnulaekjarskóla 9. desember sl. Keppt var í þremur greinum á mótinu, í formi, bardaga og þrautabaut.

Mótið fór mjög vel fram og kepptu keppendur frá fjórum aðildarfélögum HSK á mótinu. Flestir voru frá Selfossi, en einnig frá Heklu, Dímoni og Suðra. Gaman var að sjá keppendur frá Suðra, en þetta mun vera í fyrsta skipti að keppendur frá félagi fatlaðra á Suðurlandi taka þátt í taekwondomóti sambandsins.

Úrslit frá mótinu eru á www.hsk.is. Þar má einnig sjá fleiri myndir frá mótinu. eo



Álfrún Diljá bætti Íslandsmetið í sleggjukasti

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Álfrún Diljá Kristínardóttir, Umf. Selfoss, setti fyrir nokkru nýtt Íslandsmet í sleggjukasti 12 ára stúlkna á bætingamóti á Selfossvelli.

Álfrún Diljá kastaði 31,43 m og bætti fimm ára gamalt Íslandsmet Berglindar Gunnarsdóttur, UMSS, um 2,02 metra.

Með þessum árangri bætti Álfrún Diljá sitt eigið HSK-met í flokki 12 ára stúlkna en fyrr í sumar kastaði hún 28,70 m. Metkastið í dag er einnig HSK-met í flokki 13 ára stúlkna en fyrra metið í þeim flokki átti Eva María Baldursdóttir, Umf. Selfoss, 29,78 m. Álfrún Diljá á einnig HSK-metið í flokki 11 ára stúlkna og hefur bætt sig um rúma 10 metra í sleggjukasti á milli ára.



Álfrún að loknu metkasti. Mynd: sunnlenska.is.

Harmarsmenn efstir eftir fyrri hluta héraðsmótsins

BLAK Fyrri hluti héraðsmóts karla í blaki fór fram á Hvolsvelli á dögunum. Þar bar helst til tíðinda að ungt og efnilegt lið heimamanna í Dímoni átti hörkuleik á móti margföldum HSK-meisturum Hrunamanna. Staðan var jöfn 1-1 fyrir oddahrinu, sem Hrunamenn unnu 15-14.

Staðan eftir fyrri hlutann er sú að Hamarsmenn leiða keppnina með 6 stig, Hrunamenn eru með fimm stig, Dímon er með eitt stig og Laugdælir 1 og 2 eru án stiga.

Seinni hluti mótsins fer fram á Flúðum þann 2. apríl næstkomandi.



Blakmenn úr Hamri.

Suðurlandsdeildin í hestaíþróttum fer af stað

HESTAÍÞRÓTTIR Nú stýttist óðum í að Suðurlandsdeildin í hestaíþróttum hefji göngu sína en hún verður nú haldin í þriðja skiptið. Fyrsta keppni er 22. janúar og þá verður keppt í fjórgangi. Ellefu lið eru skráð til leiks og eru bæði ný lið og nýir knapar sem gerir deildina ennþá meira spennandi. Suðurlandsdeildin er samstarfsverkefni Rangárhallarinnar og Hestamannafélagsins Geysis.

Dagsetningar og keppnisgreinar:

22. janúar - Fjórgangur

5. febrúar - Fimmgangur

22. febrúar - Paraþími

5. mars - Tölt og skeið

Hvert lið er skipað 2-3 atvinnu- mönnum og 3 áhugamönnum. Á hverju kvöldi keppa tveir áhugamenn og tveir atvinnumenn, nema á lokakvöldinu - þá geta allir keppt. Áhugamaður má keppa sem atvinnumaður en atvinnumaður má ekki keppa sem áhugamaður. Áfram verður Suður-

landsdeildin einungis liðakeppni en þrjú stigahæstu liðin verða verðlaunuð í ár.

Liðin sem keppa í ár eru:

Lið Vöðla/Sníldarverks - Lið Fets/ Kvista - Lið Austuráss - Lið IceWear - Lið Hemlu/Hrímnis/ Strandarhöfuðs - Lið Töltrider - Lið Ásmúla - Lið Árbæjarhjálgu/Hjarðartúns - Lið Heimahaga - Lið Krappa og Lið Húsasmíðjunnar.



Lið Krappa sem sigraði Suðurlandsdeildina á síðasta ári.



HSK-mótin innanhúss á sunnudaginn

FRJÁLSÍÞRÓTTIR Aldursflokkamót HSK 11-14 ára, unglingamót HSK 15-17 ára og héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum innanhúss 2019 fara fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 13. janúar. Aldursflokkamótið hefst kl. 10:00 en hin mótin kl. 13:00. Sjá nánar á www.hsk.is og www.fri.is.



Frá keppni innanhúss fyrir ári. Mynd: EO.



Laus staða hjá Vatnsveitu Árborgar

Vatnsveita Árborgar er rekin með hitaveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67, Selfossi.

Vatnsveita Árborgar óskar eftir starfsmanni á sviði hita og vatnsveitu. Óskað er eftir að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Starfið heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu.

Ábyrgðar- og starfssvið:

Hita- og vatnsveita:

- Öll almenn störf vegna nýframkvæmda, viðhalds, reksturs- og þjónustu. Verkbættir eru m.a. við:
 - Vatns- og orkuöflun
 - Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
 - Dreifingu
 - Þjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Ensku- og tölvukunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veita Sigurður Þór Haraldsson, deildarstjóri vatns- og hitaveitu í síma 480 1500 á skrifstofutíma.

Umsókn þarf að berast í síðasta lagi 24. janúar nk.

á netfangið sigurdur@arborg.is.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.



Sveitarfélagið Árborg óskar eftir starfsfólki á heimili fyrir börn

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir starfsfólki til starfa í nýju þjónustuúrræði fyrir börn. Helstu markmið þjónustunnar er að veita fjölskyldumiðaða þjónustu sem mætir þörfum barna og fjölskyldna fyrir sértæka þjónustu. Auka lífsgæði barnanna, þátttöku þeirra í samfélaginu og bæta líðan þeirra. Sáttmáli Sam-einuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og barnasáttmálinn eru grunnstoðir starfseminnar. Um er að ræða vaktavinnu.

Óskað er eftir:

Félagsliðum með reynslu af þjónustu við fatlað fólk. Stuðningsfulltrúum með reynslu af þjónustu við fatlað fólk.

Helstu markmið starfsins eru:

- Faglegt starf með börnum með þroskaraskanir
- Einstaklingsmiðuð persónuleg þjónusta
- Aðstoð og stuðningur við börnin í daglegu lífi
- Fjölskyldumiðuð þjónusta

Hæfniskröfur:

- Félagsliða-stuðningsfulltrúamenntun æskileg
- Önnur sambærileg menntun og/eða starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af starfi með börnum með fatlanir
- Sjálfstæði í starfi og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæð og góð þjónustulund

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og víðeigandi stéttarfélags. Störfin hafa jafnt körlum sem konum.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist Jóhönnu Frímannsdóttur á netfangið jf@arborg.is eigi síðar en 19. janúar 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Frímannsdóttir, forstöðumaður á heimili fyrir börn, jf@arborg.is, eða í síma 480 1992.

Nýtt fólk – nýjar lausnir

Nú um áramót eru liðnir 6 mánuðir frá því að gengið var til sveitarstjórnarkosninga. Í kjölfar þeirra var myndaður nýr meirihluti í Sveitarfélaginu Árborg sem samanstóð af fulltrúum fjögurra framboða, Á-lista Áfram Árborg, B-lista Framsóknar og óháðra, M-lista Miðflokksins og S-lista Samfylkingarinnar.

Öll þessi framboð lögðu mikla vinnu í undirbúning kosninganna og baráttuna sjálfa og uppskáru í samræmi við það. Í meirihlutaviðræðunum varð strax ljóst að þar var samankominn sterkur hópur fólks sem hugsar í lausnum, er tilbúinn til að leggja mikla vinnu á sig fyrir sveitarfélagið og standa vörð um rekstur þess. Markmiðið er að veita fyrirmyndarþjónustu og bjóða upp á bestu mögulegu aðstöðu á sviðum lýðheilsu, menntunar, menningar, velferðarþjónustu og stjórnsýslu. Á þessum stutta tíma sem liðinn er frá kosningum hefur samstarf innan meirihlutans styrkst og þroskast með hverjum deginum sem liður.

Ör stækkun kallar á breytt skipulag

Það hefur ekki farið fram hjá neinum sú gríðarlega fjölgun íbúa sem átt hefur sér stað í sveitarfélaginu á undanförunum miss-erum. Á síðasta ári fjölgaði íbúum um t.a.m. 5,3%. Þegar sveitarfélag stækkar svo hratt þá reynir það mjög á alla innviði samfélagsins sem og stjórnsýslu. Þrátt fyrir aukið álag þá veitir sveitarfélagið íbúum sínum almennt góða þjónustu.

Á haustdögum var samið við Harald Línal sérfræðing og fyrrverandi bæjarstjóra í Hafnarfirði um að gera úttekt á stjórnskipulagi og rekstri sveitarfélagsins. Hugmyndin er að úttektin verði nýtt sem leiðarvísir að bættri stjórnsýslu í Árborg.

Það er markmið okkar að rekstur sveitarfélagsins sé í jafnvægi og miði að því að hámarka nýtingu þeirra fjármuna sem kjörnum fulltrúum er treyst fyrir af íbúunum til reksturs og fjárfestinga. Með betri áætlanagerð, auknu eftirliti og öflugra aðhaldi með rekstri sviða og deilda, aukast líkur á að markmið um markvissa og stefnu-fasta fjármálastjórn náist. Við erum sannfærð um að með markvissum og skynsamlegum skipulagsbreytingum í átt að nútíma stjórnsýsluháttum megi ná meiri árangri.

Fjárfestingar til framtíðar

Sveitarfélagið Árborg er langstærsta sveitarfélagið á Suðurlandi og á sem slíkt að vera í fararbroddi sveitarfélaga á svæðinu í að bjóða íbúum sínum upp á bestu mögulegu aðstöðu á öllum sviðum. Ljóst er að uppbygging á nauðsynlegum innviðum samfélagsins er uppsafnaður og áleitinn sú spurning af hverju ekki var unnið að uppbyggingunni jafnt og þétt á undanförunum árum í takt við fyrirsjáanlega íbúafjölgun.

Strax í vor var ljóst að margar framkvæmdir þyldu enga bið. Með þá staðreynd í huga lögðum við af stað í þá vinnu að gera fjárfestingaráætlun sem myndi vinna á uppsafnaðri þörf og vinna í haginn fyrir framtíðina. Afsprengi þeirrar vinnu birtist síðan í mjög metnaðarfullri fjárfestingaráætlun fyrir árin 2019 til 2022 sem lögð var fram og samþykkt í bæjarstjórn með meirihluta atkvæða þann 13. desember sl. Fjárfestingaráætlunin er svar okkar við þeirri stöðu sem sveitarfélagið er komið í. Stöðu þar sem mikilli uppsafnaðri fjárfestingarþörf verður mætt með miklum og þörfum fjárfestingum sem munu nýta íbúum vel til skemmri og lengri tíma.



Frá undirritun málefnsamnings nýs meirihluta í Sveitarfélaginu Árborg 2018. F.v.: Helgi S. Haraldsson (B), Tómas Ellert Tómasson (M), Arna Ír Gunnarsdóttir (S), Eggert Valur Guðmundsson (S) og Sigurjón Vídalín Guðmundsson (Á).

Fjárfestingaráætlunin gerir ráð fyrir að hafin verði bygging á nýjum leikskóla á nýju ári, auk þess sem að farið verði af stað í gatnagerð í Bjarkarstykki hvar fyrsti áfangi nýrrar skólabyggingar verður reist og tekin í notkun haustið 2021.

Ungmennafélagsins að byggja upp á næstu 10 til 15 árum, munu innihalda aðstöðu fyrir flest allar íþróttagreinar og verða að lokum nálægt 22.000 fermetrum að stærð.

Umhverfismati vegna nýrrar hreinsistöðvar við Geitanesflúðir lýkur næstkom-



Nýtt hverfi í landi Bjarkar á Selfossi en þar verður m.a. byggður nýr skóli.



Fyrirhuguð íþróttamannvirki á íþróttavallarsvæðinu við Engjaveg á Selfossi.

Blásið verður til sóknar í uppbyggingu á íþróttamannvirkjum. Á vormánuðum verður tekin skóflustunga að tæplega 6.300 m² fjölnota íþróttahúsi á íþróttasvæðinu við Engjaveg sem mun innihalda frjálsíþróttastöðu af bestu gerð, hálfan knattspyrnuvöll 68 x 54,5 m, aðstöðu fyrir göngu- og hlaupahópa auk þess sem hægt verður að halda ýmiskonar viðburði og sýningar í húsinu. Húsið, sem verður byltning fyrir íþróttaiðkendur í sveitarfélaginu, verður síðan auðveldlega hægt að stækka síðar í 10.000 m² með knattspyrnuvelli í fullri stærð. Aðrir áfangar íþróttamiðstöðvarinnar, sem sátt er um hjá meirihluta bæjarstjórnar og stjórn

andi haust. Í framhaldinu verður hægt að fara í langþráðar framkvæmdir við hreinsistöðina og koma henni í gagnið sem allra fyrst. Aukinn kraftur verður einnig settur í heita- og kaldavatnsöflun til að mæta auknum íbúafjölda og starfsemi í sveitarfélaginu. Að auki tekur sveitarfélagið þátt í byggingu með ríkisvaldinu á löngu tímabæru nýju hjúkrunarheimili sem mun rísa við HSU en þar munu framkvæmdir hefjast með vorinu.

Að framan töldu má sjá að margt mun gerast í framkvæmdum á næstu misserum og árum að meðtöldum öllum öðrum framkvæmdum sem sveitarfélagið mun ráðast í

svo byggðin megi þróast með eðlilegum hætti til framtíðar. Við í meirihluta bæjarstjórnar höfum sammælt um að vinna ótulllega að því að farið verði í þær nauðsynlegu framkvæmdir sem settar eru fram í fjárfestingaráætluninni. Markmiðið er að koma sveitarfélaginu á næstu árum í það horf að íbúar Árborgar geti verið stoltir af aðstöðu okkar og mannvirkjum sem munu á endanum prýða sveitarfélagið í lok kjörtímabilsins, vorið 2022.

Framtíðin er hér

Það er markmið okkar að það eigi að vera eftirsóknarvert að búa í Árborg. Það er hlutverk þeirra sem stjórna sveitarfélaginu hverju sinni að búa sem allra best að þjónustu við íbúana og atvinnurekstri í sveitarfélaginu. Þjónusta sveitarfélagsins á að vera aðgengileg og skilvirk og öðrum sem reka þjónustu í sveitarfélaginu góð fyrirmynd og fordæmi. Við ætlum að byggja upp og viðhalda samfélagi sem tekur mið af þörfum íbúanna, tryggir lífsgæði og velferð allra.

Það er stefna okkar að gera umhverfismálum hærra undir höfði en gert hefur verið á undanförunum árum. Við ætlum að vera öðrum fyrirmynd með því að sýna ábyrgð í þessum málaflokki gagnvart íbúum og gestum sem sækja okkur heim. Við ætlum að auka samstarf við íbúa og fyrirtæki með það að markmiði að hvetja hvern og einn til þess að auka ábyrgð þeirra gagnvart umhverfinu. Við lítum á átak í umhverfismálum sem eitt af okkar stóru tækifærum til sóknar. Það er okkar skoðun að ásýnd byggðarinnar okkar endurspegli metnað sveitarfélagsins. Markvisst samstarf sveitarfélagsins, íbúanna og fyrirtækja í umhverfismálum miðar að aukinni ábyrgð og frumkvæði gagnvart sínu nær-umhverfi. Það gengur t.d. ekki að gömul bílhrað og brotajárn liggi eins og hráviði inn á einkalóðum engum til gagns, á því þarf að taka af alvöru.

Skólarnir í sveitarfélaginu þykja vera í fremstu röð á landsvísi. Það er verðugt verkefni að standa undir því orðsperi og halda áfram að sækja fram í menntamálum. Í nemandunum liggur framtíð samfélagsins og því er eitt stærsta verkefni bæjaryfirvalda hverju sinni að tryggja að aðbúnaður barna og unglinga sé eins góður og hugsast getur.

Með því að starfrækja virk hverfisráð í hverjum byggðarkjarna fyrir sig vonumst við eftir þátttöku íbúa í ákvarðanatökum um mótun og þróun samfélagsins til framtíðar.


Það er enginn óvissa hjá okkur um hvaða leið við ætlum að fara til þess að skapa sveitarfélag í fremstu röð. Vonandi eru íbúar sveitarfélagsins tilbúin að fylgja okkur í þeirri vegferð með það að markmiði að auka velsæld og ánægju í sveitarfélaginu.

Með ósk um gleðilegt nýtt ár!

Sigurjón Vídalín Guðmundsson
– Áfram Árborg
Helgi S. Haraldsson
– Framsókn og óháðum
Tómas Ellert Tómasson
– Miðflokk
Arna Ír Gunnarsdóttir
– Samfylkingu
Eggert Valur Guðmundsson
– Samfylkingu

Ný sýning í Listasafni Árnesinga

- Huglæg rými



Fyrsta sýning ársins í Listasafni Árnesinga verður opnuð laugardaginn 12. janúar kl. 15. Það er innsetning eftir Ólaf Svein Gíslason sem ber heitið Huglæg rými og samanstendur hún af kvikmynd sem varpað er á sex fleti sýningarrýmisins, vatnslitaverkum, litlum skúlp-túrum og milliveggjum sem á áhugaverðan hátt mynda eitt verk sem Ólafur sviðsetur í þrjá meginsali safnsins sem og í anddyrið.

Ólafur hefur unnið að þessu verkefni um nokkurra ára skeið og líkt og fyrri verk hans er það samfélagstengt. Verkið var fyrst kynnt á OPNUN sem var sýning í Gallery Kling & Bang þegar Marshall húsið

var formlega opnað 2017 en undanfari sýningarinnar var sjónvarpsþáttaröð á RÚV sem helguð var íslenskri samtímalist þar sem gefin var innsýn í list, sýn og hugmyndafræði 12 myndlistarmanna og var Ólafur valinn í þann hóp.

Uppspretta verksins Huglæg rými eru viðræður Ólafs við nágranna sinn í Flóanum, Sigurð Guðmundsson á Sviðugörðum, kynni Ólafs af því hvernig hann er samvaxinn sögu staðarins og tengsl hans við mótn býlisins; húsinn, skepnur og jörðina. Handrit kvikmyndarinnar byggist á viðtölum við Sigurð, en Ólafur lætur fimm einstaklinga segja frá sem Sigurður. Þeir eru auk Sigurðar sjálfs, einn lærður

leikari, Þór Tulinius, og þrír sveitungar, ungur piltur, ungur maður og kona, sem eru Ágúst Þorsteinsson, Guðjón Helgi Ólafsson og Kristín Ólafsdóttir.

Í grein Margrétar Elísabetar Ólafsdóttir í sýningarskrá sýningarinnar Huglæg rými segir í upphafi og niðurlagi: „Verk Ólafs vekja upp spurningar um rými listarinnar og listaverksins, og þátt listamanns og annarra í sköpun þessa rýmis. ... Huglæg rými dregur allt í senn upp mynd af sögu einstaklings og sögu samfélags, sem jafnframt er saga af tíma, tímabilum og stað.“ Ólafur Sveinn Gíslason lauk námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1983 og Hochschule für bildende Künste í Hamborg 1988. Að námi loknu bjó Ólafur og starfaði við myndlist í Þýskalandi og sýndi reglulega m.a. á Íslandi. Árið 2007 tók hann við stöðu prófessors við myndlistardeild Listaháskóla Íslands og flutti þá aftur heim. Frá árinu 2015 hefur hann verið með vinnustofu á Þúfugörðum í Flóa.

Sýningin, sem er styrkt af Myndlistarsjóði, Myndstefi og Uppbyggingasjóði Suðurlands, mun standa til og með 31. mars 2019. Safnið er opið fimmtudaga – sunnudaga kl. 12-18. Aðgangur að safninu er ókeypis og allir velkomnir – líka á opnun sýningarinnar.

REIÐNÁMSKEIÐ KYNNINGARFUNDUR



Fimmtudaginn 10. janúar kl. 19 verður kynning á reiðnámskeiðum fyrir börn/unglinga í hestamannafélaginu Sleipni veturinn 2019. Fundurinn verður haldinn í félagsheimili hestamanna, Hlíðskjál.

Áhugasamir eru hvattir til að mæta og kynna sér þau námskeið sem í boði verða og ganga frá skráningum. Ath. að námskeið þessi krefjast þess að þátttakendur komi með eigin hest.

Æskulýðsnefnd Sleipnis



KRAFTBERG

Kraftberg auglýsir eftir verkefnum fyrir smíði, múrara, málara og hellulagnar menn.

Sími 892 6993
kraftberg@simnet.is



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Kerhólsskóli óskar eftir leikskólakennara/ proskapjálfa

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með rúmlega 70 nemendum á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk þar af eru 33 börn í leikskóladeild. Skólinn er Grænánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu, list- og verkgreinar.

Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu. **Allir starfsmenn skólans sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku í vinnutíma auk annarra friðinda.**

Um er að ræða stöðu í leikskóladeild Kerhólsskóla.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun/proskapjálfaþemenntun
- Reynsla af leikskólakennslu æskileg
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Faglegur metnaður og ábyrgð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Ef ekki fæst leikskólakennari / proskapjálfi í starfið verður ráðinn leiðbeinandi tímabundið.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur 18. janúar 2019.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og um-sagnaraðila berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is eða aðstoðarskólastjóra iris@kerholsskoli.is.

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480 5520 / 863 0463.

Nýjar áherslur í Gimli kaffihúsi á Stokkseyri



Nýir rekstraraðilar hafa tekið við kaffihúsinu Gimli á Stokkseyri. Formlega var opnað að nýju þann 14. nóvember sl. Að sögn Elínar Daggar Haraldsdóttur, eiganda kaffihússins eru helstu áherslurnar: „Crêpes pönnukökur með allskonar fyllingum til dæmis kjúklinga eða pepperóni. Þá er ég einnig með eftirréttar crêpes með nutella sem dæmi. Hinsvegar er svo þetta hefðbundna meðlæti eins og kökur og þess háttar. Svo er er hægt að koma og fá sér einn kaldan á krana fyrir þá sem það vilja. Ég er svo líka að leggja upp úr því að hafa hóflegt verð.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að opna kaffihús?

„Þetta hefur alveg verið draumur hjá mér í svolitinn tíma. Þetta var svo auglýst núna í haust og ég sótti um ásamt góðu fólki að fá að vera með rekstur hér. Þetta varð svo heilmikil breyting hjá mér og okkur litlu fjölskyldunni, en maður verður að taka áhættu í lífinu og ekki alltaf bara búa inni í rammanum.“

Hvernig hefur þessu verið tekið af heimafólki?
„Þessu hefur verið mjög vel tekið. Allir rosalega ánægðir með þetta. Til dæmis var hér smá húllum hæ um síðustu helgi. Það var boðið upp á eggjapúns og jólaglög. Einum bæjarbúnum datt svo til hugar að vera með ljótu jólapeysukeppni. Það var setið í öllum sætum og allir í ljótum jólapeysum með glögg, eggjapúns og bjór. Alveg stórskemmtilegt kvöld.

Hver er framtíðarmúsikin?

„Við erum allavega að horfa á að þjónusta heimafólkið vel. Ferðamaðurinn er svo bónus. Það er dýrt að taka leigubíla á milli og þannig. Okkur langar að hafa eitthvað hér fyrir samfélagið. Einhvern stað til að hittast og hafa það gott saman. Svo er ég að spá í að setja upp skjá hér til að horfa á enska boltann. Þá er hægt að rölta hingað og horfa á boltann saman. Ég yrði svo með eitthvað nasl með því.“

-gpp

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:30, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands

Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Áttund

Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í iþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Eyravegi 37, 800 Selfoss
Sími: 480 3340
Netfang: hagbok@hagbok.is

Alhliða bókhaldsþjónusta, skatt-
skil og ráðgjöf fyrir einstaklinga
og fyrirtæki. Áralöng reynsla.

BÍLAR



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJUR

Selfoskirkja

Fjölskyldumessa kl. 11.
Jóhanna Yr, Einar og Axel
gæta stundarinnar til að þið öll
sem komið hafið gagn og
gaman af. Verið öll hjartanlega
velkomin til andlegrar
byggingar sálar og samfélags.

Aðventistar

Laugardaginn 12. janúar 2019 í
safnaðarheimili aðventista á
Eyravegi 67. Biblíurannsókn kl.
11 og guðsþjónusta kl. 12 með
ræðu verður Eric Guðmunds-
son. Verið velkomin. Bæna-
stund verður á mánudags-
kvöldum kl. 20 að Hraunbæ 11,
Hveragerði. Velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Barnasamkoma laugardag 12.
janúar kl. 11.00. Umsjón hefur
Bergþóra Ragnarsdóttir.
Organisti er Jón Bjarnson.
Messa sunnudag 13. janúar
kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson,
sóknarprestur, annast prests-
þjónustuna.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnastarf og kaffi-
veitingar. English translation
available. Bæna- og hlífðar
virka daga. Allir innilega vel-
komnir. selfossgospel.is.

Eyrarbakka-kirkja

Messa sunnudaginn 13. janúar
kl. 11.00. Sr. Arnaldur
Bárðarson þjónar. Kór kirkju-
unnar leiðir söng.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa sunnudaginn 13. janúar
kl. 14.00. Sr. Arnaldur Bárðar-
son þjónar. Kór kirkjunnar
leiðir söng.

TIL LEIGU

Íbúð til leigu

90 m² íbúð til leigu í Ölfusi.
Laus nú þegar. Uppl. í síma
696 4345.

Hergbergi til leigu á Selfossi
Herbergi til leigu með afnot af
eldunaraðstöðu með áhöld-
um, þvottavél og hreinlætisað-
stöðu. Rafmagn og hiti inni-
falið í verðinu. Reglusemi og
rólegheit áskilin. Upplýsingar í
síma 844 7633.

Aftaka lýðræðis
í Ásahreppi

Á desemberfundi hrepps-
nefndar Ásahrepps var
endurskipað í nefndir, stjórnir og
ráð. Ástæða þess var sú að eftir
fyrsta fund hreppsnefndar í júní
sl. sendi fulltrúi E-lista Einingar
í Ásahreppi ábendingu til Sam-
göngu- og sveitarstjórnarráðu-
neytis þess efnis að fulltrúar
L-lista Áhugafólks um lausnir
og betra samfélag í Ásahreppi
sýndu engan samstarfsvilja við
skipan í nefndir og ráð á vegum
hreppsins í upphafi kjörtímabils-
ins.

Í svari ráðuneytis var
ábending E-lista staðfest.
Meirihluti, L-listi, hafði við
skipan í nefndir, stjórnir og ráð
sveitarfélagsins ekki farið eftir
almennum sveitarstjórnarlögum
þegar þau tilnefndu og skipuðu
fólk í nefndir án þess að gefa
E-lista, minnihluta með 42%
kosningu, möguleika á að ráða
hvaða fólk þá ráðstafaði sem
fulltrúa sína í nefndir, stjórnir
eða ráð að mestu leyti. Einnig
var minnihluti, E-lista, ekki
úthlutað manni í allar þriggja
manna nefndir sveitarfélags-
ins. Þegar kom að nefndum þar
sem einn fulltrúi situr fyrir hönd
Ásahrepps skipaði meirihluti
fulltrúa fyrir hönd beggja lista.
Fyrir júnífundinn hafði odd-
viti L-listans aðeins samband
við einn mann af tíu á E-lista.
Aðrir fulltrúar E-lista sem
voru tilnefndir og síðan skip-
aðir af meirihluta fengu ekki
val, enda var það gert að þeim
forspurðum. Meirihluti L-lista
útilokaði reynslumikið fólk úr
fyrri hreppsnefnd sem skipuðu
þó þrjú af fjórum efstu sætum
listans. Eftir að svarbréf barst
frá ráðuneytinu lagði oddviti
Ásahrepps, L-lista-maður sem
hélt uppi umræðu um virkt lýð-
ræði í kosningarbaráttunni, fram
bókun á síðasta fundi hrepps-
nefndar þar sem hann fagnaði
niðurstöðu bréfsins. Tók ekk-
ert neikvætt til sín en virtist fá
gleðiglampla í augun þegar hann
benti á að í bréfi ráðuneytis væri
vísað í þá almennu reglu að
meirihluti ætti að skipa 1.-3.-5.
mann í nefndir en minnihluti 2.
og 4. Oddvitar listanna funduðu
ásamt sveitarstjóra til að fjalla
um bréfið og um skipan í nefnd-
ir. Þeim klukkutíma hefði mátt
verja í eitthvað viturlegra þar
sem meirihluti, L-listi, bauð tvo
slæma valkosti. Fyrsta val var
að hafa nefndarskipan óbreytta,
sem þýddi fyrir E-lista að L-listi

Elin
Grétarsdóttir,
Riddaragarði

Í fyrsta sæti
E-lista Einingar
í Ásahreppi



ráðaði fólk beggja lista í nefndir
og hleypti engum að sem þeim
ekki þóknaðist. Seinni kostur-
inn var að meirihluti, L-listi,
færi eftir almennu reglunni
og tækju allar nefndir, ráð og
stjórnir. Oddviti E-lista hafnaði
þeim brauðmolum sem fyrri
valkosturinn var, því á þessu
rúma hálfa ári sem unnið var
eftir þeirri nefndarskipan hafði
það sýnt sig að varamaður var
ekki boðaður þegar hann var frá
minnihluta, E-lista, þó aðalmað-
ur frá meirihluta, L-lista, kæmist
ekki á fund. Tillögum E-lista var
alfarið hafnað. Ný nefndarskip-
an frá 19.12.18 útilokar E-lista
frá 17 nefndum og ráðum á
vegum Ásahrepps. E-listi hefur
á að skipa tvo af fimm hrepps-
nefndarmönnum og átta aðra
öfluga, velmenntaða einstak-
linga með víðtæka reynslu.
Fulltrúar E-lista telja þetta vera
atlögu að lýðræði og bera vott
um fádæma valdniðslu sem ekki
þekkist í nágrannasveitarfél-
ögum og þó víðar væri leit-
að. Til að mynda hefur E-listi
ekki fulltrúa í Odda bs. sem sér
um rekstur leik- og grunnskóla
tveggja sveitarfélaga, og hefur
meirihluti, L-listi, ekki borið sig
eftir að minnihluti Ásahrepps fái
þar áheyrnarfulltrúa. Vonandi
stendur það nú til bóta.

Stefnt er að íbúafundi þann
12. janúar næstkomandi. Fróð-
legt verður að heyra hvort íbúar
hreppsins hafa tekið upplýsta
afstöðu til þessarar uppröðunar
í nefndir, stjórnir og ráð. Líka
hvort íbúar séu búnir að skoða
samþykkt fjárhagsáætlun
hreppsins fyrir 2019-2020 og
telji þörf á að eyða fjármunum
hreppsins í hátt starfshlutfall og
um leið há laun til oddvita þegar
litið er til þess að ekki er svíg-
rún innan áætlunarinnar um nein
stór verkefni á næstu misserum
sem ætla mátti að oddviti þyrfti
að hafa afskipti af. Það væri
skemmtileg en óvænt ánægja ef
oddviti boði lækkan á starfshlut-
falli í takt við þau verkefni sem
framundan eru, sem nýársgjöf til
okkar hreppsúa.

82%

Sunnlendinga lesa
Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

Eyravegi 25, Selfossi
482 1944 - selfoss@prentmet.is - www.prentmet.is

Ennisband/kragi

Í tilefni af nýju ári er hér mjög auðveld þrjónauppskrift. Kannski einhverjir hafi gert áramótaheit um að læra eða rifja upp þrjón og þá er þetta upplagt verkefni. Ennisband eða kragi sem þrjónaður er með garðapþrjóni á þrjóna nr. 10 með dásamlega mjúku og loðnu garni frá Perú sem heitir RICO, Fashion Light Luxury. Í garninu er 74% alpaka, 22% ull og 4% nylon. Þrjónað er úr garninu tvöföldu.

Fitjið upp (eða biðjið einhvern vanan) 15 lykkjur með einföldu uppfiti. Þrjónið slétt þrjón fram og til baka, en við það verða til svokallaðir garðar og aðferðin er kölluð garðapþrjón. Fyrsta lykkjan er alltaf tekin óþrjónuð fram af þrjóninum. Þegar komnir eru 40 garðar er garnið slitíð frá en endinn hafður 40 sm langur. Þræðið grófa nál og saumið endana snyrtilega saman. Til eru ýmsar aðferðir og er gaman að skoða sig aðeins um á YouTube þar sem má finna mikið magn af námsefni sem tengist þrjónaskap. Gangið frá endunum.

Í myrkrunu er bráðnaðsynlegt að vera vel upplýstur með endurskinsefnum. Hér höfum við sett endurskinstölur til skrauts og öryggis. Einnig eigum við þráð sem vel má þrjóna með garni eða sauma út með og þarf oft ekki mikið.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Hannyrðabúðin hefur opin hannyrðakvöld einu sinni í mánuði og það fyrsta á þessu ári verður miðvikudaginn 9. janúar kl. 20–22. Byrjendur eru sérstaklega velkomnir. Fitjað verður upp fyrir þá sem vilja byrja á ennisbandi.



Hannyrðabúðin

Eyrangei 23, Selfossi // 555-1314



Hagstæð nemakort í strætó fyrir nemendur á Suðurlandi

Nú um áramót eru margir að hefja eða halda áfram námi sínu. Vert er að minna nemendur á Suðurlandi, sem sækja skóla á höfuðborgarsvæðinu, á að það er hægt að fá strætókort á sama verði og nemendum í FSu býðst. Kortið kostar nemendur 90.000 kr. á önn. Hægt er að sækja um kortið hvort sem nemendur sækja framhalds- eða háskóla.

„Það er lítið mál að sækja um kortin en þau eru heilmikil búbot fyrir nemendur á Suðurlandi sem sækja skóla á höfuðborgarsvæðinu. Kortið gildir héðan af Suðurlandi og áfram innan leiðarkerfisins á höfuðborgarsvæðinu í þann skóla sem sækja á. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hvetja alla nemendur sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu til að nýta sér þjónustu Strætós og þetta góða tilboð, segir Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS.“

Til að fá útgefið Strætókort (nema kort) þarf að gera eftirfarandi:

Nemakortið kostar 90.000 kr. Fjárhæðina þarf að leggja inn



Mynd: gpp

á reikning Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Reikningsnúmer: 586-26-100122 kt. 480775-0159. Nemandinn sendir greiðslukvittun á netföngin alda@sudurland.is og ragga@sudurland.is, ásamt upplýsingum um fullt nafn, kennitölu, gildistíma og svæði sem ekið er frá/til. Þá þarf einnig staðfestingu skóla um skólavist og mynd af viðkomandi á rafrænu formi. Innan 7 til 10 virkra daga fær viðkomandi strætókortið sent í ábyrgðarþósti á lögheimili sitt. -gpp

Aðalskipulagsbreyting í Sveitarfélaginu Ölfusi

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022

Vatnsverndarsvæði í suðurhlíðum Lambhagahnjúks



ÖLFUS

Bæjarstjórn Ölfuss auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gerð er breyting í greinargerð og á sveitarfélagsuppdætti. Bætt er inn nýju vatnsbóli og grannsvæði stækkað og bætt inn fjarsvæði. Um staðsetningu á nýja vatnsbólinu var unnið með ÍSOR að staðarvali og afmörkun á grannsvæðinu.

Breytingartillagan, greinargerð, umhverfisskýrsla og skýrsla frá ÍSOR verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn frá 11. janúar 2019 til 22. febrúar 2019. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuni að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til og með föstudeginum 22. febrúar 2019. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á olfus@olfus.is.

Bæjarstjórinn í Sveitarfélaginu Ölfusi.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

1. Deiliskipulag fyrir Reykholt í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Auglýst er tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir þéttbýli í Reykholti, Bláskógabyggð. Deiliskipulagið festir í sessi núverandi landnotkun á svæðinu og gerir ráð fyrir þéttingu byggðar þar sem því verður við komið. Markmið eru meðal annars þau að Reykholt verði áfram áhuga-verður kostur fyrir búsetu og atvinnuuppbyggingu, að skapaðir verði möguleikar á þróun og vexti núverandi og nýrrar landbúnaðar-, þjónustu-, iðnaðar- og athafnastarfsemi auk þess að skipulagðar verði fjölbreyttar íbúðarlóðir sem nýstast til uppbyggingar næstu árin.

2. Deiliskipulagsbreyting fyrir Minni-Borg, lóð 4 L221537 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Auglýst er tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi Minni-Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í stækkun lóðar 4 en hún stækkar úr 2.250 m² í 3.954 m² og að byggingarreitur stækki úr 1.400 m² í 2.980 m². Heimilt verður að byggja allt að 800 m².

3. Deiliskipulag fyrir Hellatún L165286, Ásahreppur.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir alls um 33 ha svæði úr landi Hellatúns L165286 í Ásahreppi. Um er að ræða 10 íbúðar- og landbúnaðarlóðir en svæðið er skilgreint sem 5 íbúðar-lóðir í 6 og 5 landbúnaðarlóðir í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá kl. 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni www.utu.is.

Skipulagstillaga nr. 1 - 3 er í auglýsingu frá 9. janúar – 20. febrúar 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1 - 3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 20. febrúar 2019. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi, runar@utu.is



Það rættist úr veðrinu og við komumst klakklaust á Hellu

Það voru hressar stúlkur frá Bandaríkjunum sem eyddu áramótunum hér á landi. Nánar tiltekið á Hellu. Stúlkurnar koma frá Atlanta en sumar þeirra búa í New York núna. „Við erum á aldrinum 23-27 ára. Sú elsta er eiginlega mamma okkar hérna og sér um okkur svolítið,“ segja þær hlajandi.

Ekkert laust í Reykjavík og ekkert tiltökumál að færa sig aðeins út á land

Hversvegna ákváðuð þið að gista á Hellu? „Það er svolítið löng saga en í stuttu máli var ástæðan sú að við fengum ekki gistiþláss fyrir svona marga í Reykjavík, en við vorum að bóka í gegnum Airbnb. Okkur fannst ekkert tiltökumál að færa okkur aðeins frá Reykjavík og völdum Hellu.“ Þegar þær komu svo til landsins fór að renna á þær tvær grímur um að hafa valið þennan stað, því veðrið var slæmt að þeim fannst. „Þetta var kannski ekki svo skynsamlegt af okkur þegar við sáum veðrið og eiginlega þorðum við ekki að keyra. Ein okkar er reyndar mjög vanur bílstjóri og hún tók það að sér og varð aðalbílstjóri ferðarinnar. Það rættist svo reyndar úr veðrinu og við komumst klakklaust á Hellu.“

Dvölin á Hellu var að þeirra

sögn róleg og ótrúlega afslappandi. „Við sváfum og hvíldum okkur eftir ferðalagið. Svo langaði okkur að reyna að sjá norðurljós en það gekk ekki. Við náðum samt að sjá flugeldana.“

Áhugaverðast hvað fólk-ið er vingjarnlegt

Hvernig varð Ísland fyrir valinu? „Það var þannig að ein okkar hafði áhuga á að fara og spurði okkur hinar. Upphaflega voru það 7 sem ætluðu, en við fórum fimm. Hún spurði og við hoppuðum bara á þetta. Ísland er dálítið inn núna.“ Spurðar um hvað markverðast væri við ferðina og Ísland nefndu þær fjölmarga hluti. „Náttúran kannski fyrst og fremst. Mjög ólíkt því sem við þekkjum. Húsin eru æði, lítil og krúttleg.“ „Mér finnst áhugaverðast hvað fólk-ið hér er vingjarnlegt. Það flautar tildæmis enginn í umferðinni. Heima hjá okkur liggja allir á flautunni, allstaðar í umferðinni.“ Svo langar okkur að sjá foss áður en við förum. Það er eina sem er á dagskránni. Við ætlum að reyna að ná því í dag. Og ef þú veist um einhverja staði þar sem Games of Thrones var tekið upp myndum við fara þangað strax,“ segja þær og horfa biðjandi á blaðamann að leysa frá skjóðunni. -gpp

BÓNFEDGAR

Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990

Verslun við litla manninn

Jiibbii

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsóllur

Sími 772 6010

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN

Kennslustofa 60

SB SKILTAGERÐ

Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

**Raf- og Kæli-
þjónustan ehf.**

Sími 660 2970

- Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
- Ísskápa viðgerðir
- Almennar raflagnir

...í réttum gæðum

Gluggar Útihurðir Sérsmíði

GK GLUGGAR

Norður-Nýjabæ | 851 Helli | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

veislur & veitingar
opið alla daga

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka

raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Josera.
super premium
gæludýrafóður

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

s. 482 1944
dfs@dfs.is

LOFTNET
NETSJÓNVARP

Þekking og reynsla
UPPSETNING OG VIÐGERÐIR

Loftnet - Gervihnattaþjónusta
Ljósnet - Ljósleiðaratengingar
Tölvulagnir - Símalagnir
Bústaðir - Húsabílar

Loftnetstaekni.is
sími 894 2460 - Selfoss